

NORÐURLÖND – sjálfbært og sambætt svæði?

Grunnskýrsla vegna vinnunnar við
Framtíðarsýn okkar 2030

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangsorð	4
Staða að því er varðar framtíðarsýn okkar 2030	10
Græn Norðurlönd	15
Samkeppnishæf Norðurlönd	26
Félagslega sjálfbær Norðurlönd	37
Aðferð	49
Fylgiskjal 1 – Norrænir þróunarvísar fyrir Framtíðarsýn okkar 2030	55
Fylgiskjal 2 – Viðmiðunarmörk	59
Um ritið	65

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu: pub.norden.org/politiknord2021-726

Formáli

Að því er stefnt að gera Norðurlönd að sjálfbærasta og best samþætta svæði í heimi fyrir árið 2030. Það er framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir Norðurlandasamstarfið og leiðarljós mitt í starfi mínu sem framkvæmdastjóri.

Norðurlönd standa þegar framarlega á sviði sjálfbærrar þróunar og þykja hafa náð einna lengst allra þjóða í vinnunni við að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Enn eru þó ýmis verkefni óleyst sem við verðum að takast á við í sameiningu. Ekki síst þarf að huga að því hvernig tryggja má sjálfbæra þróun með fullnægjandi tilliti til vistkerfisins, forðast ósjálfbæra neyslu og framleiðslu og vinna gegn loftslagsbreytingum og minnkandi fjölbreytni lífríkisins.

Norðurlönd eru einnig eitt best samþætta svæði heims, en við verðum að halda áfram ótrauð því starfi að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi. COVID-19-faraldurinn hefur einnig orðið okkur áminning um að á erfiðleikatímum er oft erfitt að tryggja frjálsa för milli landanna.

Hvar eru Norðurlöndin á vegi stödd um þessar mundir í vinnunni við að auka sjálfbærni og samþættingu? Hvar stöndum við þegar næstu skref eru tekin í átt að þeirri framtíðarsýn að Norðurlönd verði sjálfbærasta og best samþætta svæði í heimi? Í þessari grunnskýrslu vegna vinnunnar við Framtíðarsýn okkar 2030 er leitast við að svara við þessum spurningum. Skýrslan byggist á norrænum þróunarvísum fyrir *Framtíðarsýn okkar 2030* sem ætlað er að gefa heildaryfirlit um hvernig Norðurlöndum miðar í vinnunni við að gera framtíðarsýnina að veruleika.

Ætlunin er að skýrslan nýtist bæði sem grundvöllur frekari umræðu á Norðurlöndum um leiðirnar sem farnar verða að þessu marki og sem leiðarvísir áframhaldandi norræns samstarfs um framtíðarsýnina. Ég er þess fullviss að skýrslan muni koma ekki aðeins stjórnámálamönnum og embættismönnum á Norðurlöndum að gagni, heldur einnig öllum þeim sem fylgjast af áhuga með þróun Norðurlanda í þá átt að verða sjálfbærasta og best samþætta svæði heims.

Nú er tæpur áratugur til stefnu í því sameiginlega verki okkar að ná metnaðarfullum markmiðum *Framtíðarsýnar okkar 2030*. Það getur virst langur tími, en við megum ekkert missa af þeim tíma.

Paula Lehtomäki

Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar



Paula Lehtomäki

Mynd: Kristian Septimius Krogh/
norden.org



Mynd: Common Ground Media & Norden.org

Inngangsorð

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu árið 2019 nýja framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf sem lýsir miklum metnaði. Hún ber nafnið „Framtíðarsýn okkar 2030“ og hefur það höfuðmarkmið að gera Norðurlönd að sjálfbærasta og best samþætta svæði heims fyrir árið 2030. Markið er sett hátt og þess vegna er mikilvægt að fylgjast náið með framvindunni til að alltaf liggi ljóst fyrir hversu vel okkur miðar.

Norræna ráðherranefndin leitaði þess vegna til Rambøll Management Consulting og bað fyrirtækið að vinna skýrslu um stöðu mála við upphaf vinnunnar við Framtíðarsýn okkar 2030, svokallaða grunnmælingu. Tilgangurinn er að áætla stöðu Norðurlanda í heild við upphaf þess verks að gera framtíðarsýnina að veruleika. Grunnmælingin byggist á 45 norrænum þróunarvísum sem Norræna ráðherranefndin lét útbúa fyrir framtíðarsýnina, og markmiðið var að koma upp einfaldri og auðskilinni aðferð til að meta grunnstöðuna og fylgjast með framvindu vinnunnar við framtíðarsýnina á næstu árum. Grunnskýrslan verður notuð sem leiðarvísir í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við aðgerðaáætlun vegna framtíðarsýnarinnar og henni verður fylgt eftir með reglulegum framvinduskýrslum.

Í tengslum við samstarf norrænu ríkjanna um Framtíðarsýn okkar 2030 hafa norrænu samstarfsráðherrarnir jafnframt ákveðið að koma upp tengslaneti félagasamtaka á Norðurlöndum til að gera þeim kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og leggja sitt að mörkum í tengslum við vinnuna við framtíðarsýnina. Því var einnig leitað til fulltrúa ýmissa slíkra samtaka á Norðurlöndum við gerð skýrslunnar.

”

Stór skref er auðveldara að taka í sameiningu. Það er ekki áhlaupaverk að breyta Norðurlöndum í sjálfbærasta og best samþætta svæði heims fyrir árið 2030 en samvinna ríkjanna getur auðveldað okkur öllum þessa vinnu.

Una Hildardóttir, Landssambandi ungmennafélaga (LUF)

Aðdragandi og undirbúningur

Í svonefndri Framtíðarsýn okkar 2030, sem forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu í ágúst 2019, er það markmið sett að Norðurlönd skuli vera orðin sjálfbærasta og best samþætta svæði heims árið 2030¹, sjá mynd 1. Framtíðarsýn okkar 2030 til grundvallar liggja heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ákvæði Parísarsamningsins, en norrænu forsætisráðherrarnir ákváðu að setja markið enn hærra en þar er gert og vinna enn hraðar að settum markmiðum. Í vinnunni við framtíðarsýnina verður af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar lögð sérstök áhersla á þrjú stefnumarkandi áherslusvið: Græn Norðurlönd, Samkeppnisfær Norðurlönd og Félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu í september 2020 norræna þróunarvísa fyrir Framtíðarsýn okkar 2030. Vísarnir verða notaðir til að fylgjast með framgangi markmiðanna sem Norðurlönd setja sér í framtíðarsýninni. Norrænu þróunarvísarnir fyrir Framtíðarsýn okkar 2030 eru alls 45 og tengjast ofangreindum þremur áherslusviðum á þann hátt að á hverju áherslusviði eru skilgreind fimm meginmarkmið og þrír vísar tengdir hverju markmiði. Skýr tengsl eru milli norrænu þróunarvísanna og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030. Grunnmælingin og stöðumælingar sem á eftir fylgja taka fyrst og fremst mið af vísunum 45. Yfirlit um norrænu þróunarvísana 45 er að finna í fylgiskjali 1.

Grunnskýrsla vegna vinnunnar við Framtíðarsýn okkar 2030

Tilgangur grunnmælingarinnar er að nota norrænu þróunarvísana 45 fyrir Framtíðarsýn okkar 2030 til að áætla hvar Norðurlönd standa sem heild gagnvart því markmiði framtíðarsýnarinnar að þau verði orðin sjálfbærasta og best samþætta svæði heims árið 2030.

Grunnmælingin tekur til norrænu ríkjanna allra og tölurnar sem birtar eru fyrir hvern vísi endurspeglar þannig stöðu Norðurlanda í heild, án þess að nokkuð sé sagt um stöðu einstakra ríkja. Um er að ræða heildartölur sem eru vegnar eftir fólksfjölda í hverju landi. Nokkur munur er á stöðu norrænu ríkjanna að því er suma þróunarvísana varðar, en Framtíðarsýn okkar 2030 er framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf og því var ekki reynt að draga fram slíkan mun í grunnmælingunni.

Skýrslan lýsir almennum niðurstöðum grunnmælingarinnar á grundvelli áætlaðrar stöðu og þróunar samkvæmt norrænu þróunarvísunum 45, auk þess sem höfð var hliðsjón af sjónarmiðum þeirra fulltrúa hagaðila á Norðurlöndum sem tóku þátt í vinnunni við skýrsluna. Markmiðið var að koma upp einföldu kerfi til að meta grunnstöðuna og fylgjast með framvindu vinnunnar við framtíðarsýnina. Þess vegna var hvorki leitað í ítarlegar heimildir né stuðst við umsagnir sérfræðinga við mat á einstökum vísunum.

”

Ef Norðurlönd geta verið samstiga um matið á sameiginlegri upphafsstöðu sinni og þróunarvísana sem notaðir verða gerir það stöðu okkar sterkari, ekki aðeins vegna þess að löndin geta lært hvert af öðru og miðlað þekkingu sín í milli, heldur einnig vegna þess að hér er um að ræða leið til að efla þá sameiginlegu norrænu framtíðarsýn að gera Norðurlönd að sjálfbærasta og best samþætta svæði heims.

1. Yfirlýsingu forsætisráðherranna um framtíðarsýnina má lesa hér: <https://www.norden.org/is/declaration/framtidasyn-okkar-2030>.

Heildarniðurstöður grunnmælingarinnar verða birtar á vefsíðum Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðherranefndin hyggst fylgjast reglulega með stöðu og leitni þróunarvísanna til að tryggja að þróunin stefni í rétta átt.

Eva Kirstine Fabricius, Dansk Arkitektur Center (DAC), Danmörku

Aðferðin sem notuð var við grunnmælinguna

Rambøll Management Consulting þróaði aðferðina sem notuð var við grunnmælinguna og notuð verður við stöðumælingar á næstu árum. Aðferðin er fyrst og fremst fólgin í matslíkani og stuðst er við alþjóðlega mælikvarða á sjálfbærni sem þróaðir hafa verið í tengslum við heimsmarkmiðin á vegum Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og Bertelsmann Stiftung. Matslíkaninu er lýst stuttlega hér á eftir og í lengra máli í 6. kafla.

Matslíkanið er reist á fjórum stöðum sem í sameiningu mynda grundvöll matsins á norrænu þróunarvísunum (sjá ramma 1). Stoðirnar eru A: Ákvörðun efri og neðri viðmiðunarmarkna, B: Kvörðun og stigagjöf með umferðarljósakerfi, C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs og D: Mat á mismun hópa og svæða. Efri og neðri viðmiðunarmörk (stoð A) eru fundin með aðstoð þrepalíkans í þeim tilgangi að afmarka tölulega stöðu Norðurlanda að því er varðar hvern þróunarvísi. Með öðrum orðum er ekki um að ræða pólitísk markmið sem Norðurlöndin hafa komið sér saman um.



Grunnmælingin er áhugaverð aðferð til að sýna langtímaþróunina á áþreifanlegan hátt og draga fram helstu úrlausnarefni og sóknarfæri landanna.

Jari Lyytimäki, Environmental Policy Centre of the Finnish Environment Institute (SYKE)

Rammi 1. Fjórar stoðir matslíkans til að ákvarða grunnstöðu vegna Framtíðarsýnar okkar 2030

A: Ákvörðun efri og neðri viðmiðunarmarkna: Til þess að gera grunnstöðu og framvindu að því er varðar hvern þróunarvísanna 45 mælanlega eru ákvörðuð efri og neðri viðmiðunarmörk (sjá fylgiskjal 2). Í því skyni er notast við fjögurra þrepa líkan auk þess sem byggt er á þeim meginsjónarmiðum að mælingin eigi að lýsa metnaði, vera raunsæ og hafa þýðingu í norrænu samhengi. Þrepin fjögur sem notuð eru til að ákveða viðmiðunarmörkin eru þessi: 1) markmið Norðurlandanna hvers um sig (vegin eftir fólksfjölda), 2) heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eða önnur alþjóðleg markmið sem Norðurlönd hafa gengist undir, 3) besti árangur meðal aðildarríkja Evrópusambandsins eða OECD eða á Norðurlöndum og 4) tæknileg jaðarmörk kvarðans.

B: Kvörðun og stigagjöf með umferðarljósakerfi: Stöðu mála hverju sinni og framgangi settra markmiða er lýst með kvörðunar- og litaaðferðinni sem notuð er í árlegri skýrslu um árangur ríkja við innleiðingu heimsmarkmiðanna, „SDG Development Report“ (SDR). Bilið milli efri og neðri viðmiðunarmarka er kvarðað frá 0–100 og stig síðan gefin á því bili að lokinni skiptingu þess í fjóra jafnstóra fjórðunga. Loks er „umferðarljósakerfi“ notað til að sýna grunnstöðu og leitni þróunarvísisins:

Staða: Grænt samsvarar stigagjöf frá 75,1–100, gult stigagjöf frá 50,1–75, rauðgult stigagjöf frá 25,1–50 og rautt stigagjöf frá 0–25.

Leitniörvar: Byggt er á einföldum framreikningi á leitni síðustu ára og því má aðeins líta á örvarnar sem lauslega vísbendingu um hvert stefnir. Græn ör merkir að vísirinn verður á græna svæðinu árið 2030 (75,1–100 stig), gul ör að samkvæmt framreikningi færist vísirinn upp á við (>0,5%) en ekki nægilega hratt til að komast á græna svæðið árið 2030, rauðgul ör að vísirinn stendur í stað (–0,5–0,5%) og rauð ör að þróunin er niður á við (>0,5%).

C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs: Komið er upp samanburðarviðmiði fyrir upphafsstöðu Norðurlandanna og framgang markmiða fyrir hvern þróunarvísi á grundvelli gagna um þau fimm OECD-ríki sem bestum árangri hafa náð og geta talist sambærileg við Norðurlönd. Settur er saman hópur samanburðarríkja fyrir hvert áherslusviðanna þriggja.

D: Mat á mismun hópa og svæða: Metinn er munur eftir kyni, aldri og/eða búsetu að því er varðar þróunarvísa sem slík gögn liggja fyrir um. Matið byggist á Theil-vísitölu auk þess sem notuð eru önnur töluleg gögn. Matið er eingöngu lýsandi.

Litir eru notaðir til að gefa niðurstöður grunnmælingarinnar til kynna og örvar sýna leitni² þróunarvísanna. Merking litanna er sem hér segir:

2. Leitniörvarnar byggjast á einföldum framreikningi þróunar á ákveðnu tímabili án þess að tekið sé tillit til annarra þátta. Leitniörvarnar gefa því aðeins vísbendingu um hver áframhaldandi þróun gæti orðið.

Staða	Leitniörvar
 Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu	 Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
 Enn eru ýmis óleyst vandamál	 Enn eru ýmis óleyst vandamál
 Enn er við umtalsverðan vanda að etja	 Þróunin telst standa í stað
 Við mikinn vanda er að etja	 Þróunin stefnir í ranga átt

Sérfræðingahópur sem skipaður var sérstaklega vegna þessa verkefnis hélt vinnufund til að varpa ljósi á þróun aðferðarinnar. Hópurinn var skipaður fulltrúum dönsku hagstofunnar (Danmarks Statistik), sænsku hagstofunnar (SCB), norsku hagstofunnar (Statistisk Sentralbyrå), The Finnish Environment Institute (SYKE), Oslo Centre for Interdisciplinary Environmental and Social Research og Nordregio, auk þriggja sérfræðinga sem sitja í sérfræðingahópi Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun. Sérfræðingahópur Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun fékk einnig kynningu á matslíkaninu og fyrstu niðurstöðum á fundi og málstofu í kjölfar hans.

Fulltrúar ýmissa norrænna stofnana voru sömuleiðis fengnir til að taka þátt í vinnunni við grunnmælinguna vegna Framtíðarsýnar okkar 2030 og gefa umsögn um hana. Í þeim hópi voru fulltrúar almannasamtaka, vísinda- og sérfræðistofnana og annarra aðila sem málið varðar á Norðurlöndum. Til að geta tekið tillit til sjónarmiða þeirra við matið á upphafsstöðunni voru haldnir þrír vinnufundir, einn fyrir hvert áherslusvið, og verður áfram höfð hliðsjón af þeim sjónarmiðum í vinnunni við Framtíðarsýn okkar 2030. Fimm úr þessum hópi voru auk þess beðin leyfis um að vitna mætti í orð þeirra í skýrslunni. Tilvitnanir í skýrslunni eru því frá þeim komnar.

Verkefnið hefur fyrst og fremst snúist um að þróa aðferð til að meta hvernig miðar í þeirri vinnu að gera Framtíðarsýn okkar 2030 að veruleika og til að áætla stöðu Norðurlanda við upphaf þess verks. Verkefnið náði ekki til þess að leita í aðrar greiningar eða rannsóknir í þeim tilgangi að skýra hvernig niðurstöðurnar voru fengnar eða leggja fram tilgátur um þær á grundvelli slíkrar þekkingar. Grunnmælingin er því fyrst og fremst lýsing á því hvar Norðurlönd standa gagnvart markmiðum framtíðarsýnarinnar samkvæmt þróunarvísunum 45.

Mælingin er byggð á nýjustu fáanlegum upplýsingum um hvern vísi um sig. Afleiðingar COVID-19-faraldursins á árunum 2020–21 sjást þannig ekki í vísunum og koma hvorki fram í stöðumatinu né leitniörvunum.

Grunnmælingin sem leiðarvísir í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við Framtíðarsýn okkar 2030

Grunnskýrslan hefur að geyma óháð mat Rambøll Management Consulting og verður notuð sem leiðarvísir í vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við Framtíðarsýn okkar 2030. Staða mála við upphaf þeirrar vinnu og leitni þróunarvísanna er hvorttveggja mikilvæg þekking sem getur auðveldað Norrænu ráðherranefndinni að ýta undir æskilega þróun, takast á við erfið úrlausnarefni og vinna gegn öfugþróun.

Taka ber skýrt fram að fjölmargir þættir hafa áhrif á hvernig Norðurlöndum gengur að gera framtíðarsýnina að veruleika og skiptir þar ekki minnstu máli framlag Norrænu ráðherranefndarinnar, ríkisstjórna Norðurlanda og annarra aðila víðs vegar um Norðurlönd, auk almennrar þróunar á heimsvísu. Þessi grunnskýrsla er því ekki mat á vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við að gera framtíðarsýnina að veruleika, heldur á stöðu Norðurlanda gagnvart því verkefni á þessari stundu.



Mynd: Common Ground Media & Norden.org

Staða að því er varðar framtíðarsýn okkar 2030

Norðurlönd eru vel á veg komin að verða sjálfbært og vel samþætt svæði, en víða má gera betur

Grunnmæling vegna Framtíðarsýnar okkar 2030 ber almennt vott um að Norðurlönd byggja á traustum grunni og eru að flestu leyti á góðri leið í átt að því markmiði að verða sjálfbærasta og best samþætta svæði heims. Hún sýnir þó einnig að mörg vandamál eru enn óleyst og að margt má betur fara í þessari vinnu og á það sérstaklega við að því er varðar *Græn Norðurlönd*, en úrbóta er einnig þörf bæði að því er varðar *Samkeppnishæf Norðurlönd* og *Félagslega sjálfbær Norðurlönd*.

Á mynd 2 má sjá yfirlit um niðurstöður grunnmælingarinnar eins og þær skiptast milli áherslusviðanna þriggja: Litirnir á myndinni endurspeglar stöðumatið að því er varðar þróunarvísana 15 á hverju áherslusviði. Leitni þróunarvísanna kemur ekki fram, en fjallað er um hana í næstu þremur köflum skýrslunnar.

Eins og lesa má út úr myndinni standa Norðurlönd einkar vel að því er varðar *Samkeppnishæf Norðurlönd* og þar vantar ekki mikið á að settum markmiðum sé náð. Lengst er í land að því er varðar *Græn Norðurlönd* og á því sviði eru flest stærstu og erfiðustu úrlausnarefnin. Loks eru Norðurlönd einnig komin vel á veg að ná markmiðunum um *Félagslega sjálfbær Norðurlönd*. Settum markmiðum hefur þegar verið náð að miklu eða öllu leyti á mörgum sviðum, en annars staðar er enn við umtalsverðan eða mikinn vanda að glíma og þar geta Norðurlönd bætt stöðu sína verulega fram til ársins 2030.

”

Ég hef mjög blendnar
tilfinningar gagnvart stöðunni
sem við sjáum núna. Ungt fólk
hefur miklar efasemdir um að
unnt verði að ná
sjálfbærnimarkmiðunum og að
okkar framlag muni skipta
máli.


Una Hildardóttir, Landssambandi
ungmennafélaga (LUF)

Mynd 1. Almennt stöðumat eftir áherslusviðum


Græn Norðurlönd



Samkeppnishæf
Norðurlönd



Félagslega sjálfbær
Norðurlönd



Grænt

Merkir að Norðurlönd uppfylla sett markmið framtíðarsýnarinnar á þessari stundu

Gult

Merkir að enn eru nokkur óleyst vandamál

Rauðgult

Merkir að enn er við umtalsverðan vanda að etja

Rautt

Merkir að við mikinn vanda er að etja

Þó að niðurstöðum grunnmælingarinnar sé skipt upp eftir áherslusviðum skal tekið skýrt fram að nauðsynlegt er að skoða þróun Norðurlanda í átt að aukinni sjálfbærni á öllum sviðum sem eina heild. Þannig má lesa út úr grunnmælingunni að ýmsar leiðir séu til að ná fram samlegðaráhrifum milli áherslusviðanna þriggja og getur það haft mikið um það að segja hvort markmið framtíðarsýnarinnar nást. Markmiðið *Græn Norðurlönd* nýtur til dæmis góðs af því hversu langt Norðurlönd eru komin á sviði græns hugvits og hversu góðrar samkeppnisstöðu Norðurlandin njóta í heild. Mælingin sýnir einnig að áherslan á grænan hagvöxt og grænt hugvit má ekki bitna á félagslegri sjálfbærni og að halda verður utan um hagvöxt og hugvit almennt með þeim hætti að sjálfbærni náttúrunnar sé ekki ógnað. Nánar er fjallað um samlegðaráhrif milli áherslusviðanna síðar í skýrslunni.

Sú regla að enginn megi verða út undan – *leave no one behind* – er eitt grundvallarsjónarmiðanna að baki heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þess vegna eru dregnar fram í skýrslunni, eftir því sem unnt er, upplýsingar um mun eftir kyni, aldri og búsetu. Gögn liggja ekki fyrir um þessi atriði að því er alla þróunarvísana varðar og vantar meðal annars allar slíkar upplýsingar um *Græn Norðurlönd*. Æskilegt er að gera bragarbót á þessu sem fyrst.

Hér fyrir neðan er grunnstaðan á hverju áherslusviði um sig tekin saman í stuttu máli.

Græn umskipti erfiðasta úrlausnarefnið

Erfiðustu úrlausnarefnin tengjast stefnumarkandi áherslusviðinu *Græn Norðurlönd*. Grunnmælingin staðfestir að unnið er að grænum umskiptum á Norðurlöndum en þróunin þarf að gerast hraðar til að markmiðin um sjálfbær og vel samþætt Norðurlönd megi nást.


Meðal jákvæðra þátta sem mælingin hefur leitt í ljós er að Norðurlönd standa vel að því er varðar grænt hugvit og grænan hagvöxt. Meðal annars eykst notkun endurnýjanlegra orkugjafa hratt og sama er að segja um stærð ræktarlands í lífrænni ræktun, og er þróunin á þessum sviðum svo hröð að útlit er fyrir að markmiðum um þau verði náð árið 2030. Markmiðum um endurnýtingu heimilissorps hefur þegar verið náð.

Á öðrum sviðum hafa Norðurlönd ekki nýtt sér nægilega vel sóknarfæri til grænna umskipta. Meðal annars blasir við að enn vantar mikið á að settum markmiðum sé náð að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda, orkukræfni (þ.e. orkunotkun sem hlutfall af verðmæti eða framleiðslumagni) og efnisspor. Þróunin er í rétta átt að því er varðar neyslutengda og orkutengda losun gróðurhúsalofttegunda, en heildarlosun stendur í stað og því verður markmiðum á þessu sviði ekki náð fyrir árið 2030 ef fram heldur sem horfir. Sérstakt áhyggjuefni er að efnissporið fer stækkandi og að þróunin stefnir þar í ranga átt, jafnvel í ríkara mæli en í samanburðarríkjunum.

Grunnmælingin sýnir einnig að við töluverðan vanda er að etja á nokkrum sviðum sem tengjast verndun náttúrulegs umhverfis og fjölbreytni lífríkisins. Hér er sérstaklega átt við markmiðið *Líf í vatni*, en þar telst meðal annars ofauðgun Eystrasalts mikill vandi, þó að þróunin allra síðustu ár veki vonir um að nokkur árangur muni nást í þeirri baráttu. Fiskistofnar í Norður-Íshafi og Barentshafi fara hins vegar minnkandi og þar stefnir því í ranga átt. Einnig er við brýnan vanda að glíma í tengslum við markmiðið *Líf á landi*, og ber þar sérstaklega að nefna að stofnar ýmissa fuglategunda sem eru algengar á ræktuðu landi hafa farið minnkandi undanfarna tvo áratugi. Jákvætt er aftur á móti hversu mikil aukning hefur orðið í lífrænum landbúnaði.

Eins og þegar hefur komið fram hefur ekki reynst unnt að draga fram mun milli hópa og svæða að því er varðar *Græn Norðurlönd* sökum þess að engin gögn fundust um það efni. Á síðari stigum gæti verið áhugavert að afla upplýsinga einkum um mun milli svæða og mun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Græn Norðurlönd



Góð upphafsstaða að því er varðar samkeppnishæfni Norðurlanda


Traustust er staða Norðurlanda þegar litið er til áherslusviðsins *Samkeppnishæf Norðurlönd*. Sett markmið hafa þegar náðst í nokkrum atriðum og ef fram heldur sem horfir eiga Norðurlönd eftir að styrkja stöðu sína enn á næstu árum.

Þegar á heildina er litið sýnir grunnmælingin að Norðurlönd eru svæði sem einkennist af mikilli samkeppnishæfni og öfluggu hugviti, góðri menntun íbúanna og mikilli atvinnuþátttöku. Vandinn sem fylgir miklu brottfalli úr skóla er þó blettur á þeirri góðu heildarmynd. Annar vandi sem mikilvægt er að takast á við er munurinn á menntunarstigi karla og kvenna. Karlar leita sér síður menntunar en konur og algengara er að þeir hverfi frá námi. Norðurlönd byggja velgengni sína að miklu leyti á menntun íbúanna og því er mikilvægt að leita úrbóta á þessu sviði.

Slíkur árangur er einnig nauðsynlegur til að Norðurlönd geti náð því markmiði að verða best samþætta svæði heims fyrir árið 2030. Viðskipti milli Norðurlandanna fullnægja nú settum markmiðum en við mikinn vanda er að etja bæði að því er varðar ferðir Norðurlandabúa yfir landamæri vegna vinnu og fólksflutninga milli landanna, en þar standa þróunarvísarnir annað hvort í stað eða stefna í ranga átt.

Fjórir þróunarvísanna á áherslusviðinu *Samkeppnishæf Norðurlönd* – þ.e. atvinna í hringrásarhagkerfinu, græn einkaleyfi, svifryksmengun í þéttbýli og almenningssamgöngur – eru til marks um hversu náin tengsl eru milli sviðanna *Græn Norðurlönd* og *Samkeppnishæf Norðurlönd*. Þetta má einnig orða þannig að ef hagvöxtur framtíðarinnar á að stuðla að aukinni sjálfbærni verður hann einnig að vera grænn. Þróunin í átt að settum markmiðum er langt komin að því er þessa fjóra vísa varðar og styrkir þá mynd af Norðurlöndunum að þau standi vel að því er varðar grænt hugvit og rannsóknir.

Samkeppnishæf Norðurlönd



Félagsleg sjálfbærni hvílir á traustum grunni, en óleyst vandamál eru enn fyrir hendi


Norðurlönd búa við því sem næst jafngóða stöðu gagnvart áherslusviðinu *Félagslega sjálfbær Norðurlönd* og sviðinu *Samkeppnishæf Norðurlönd*. Grunnmælingin bregður upp mynd af samfélagi sem einkennist af miklu samfélagslegu trausti, efnalegum jöfnuði og góðri heilsu og miklu langlífi íbúanna.

Hún sýnir þó einnig að enn þarf að leysa úr ýmsum vandamálum til að sett markmið geti náðst á þessu sviði. Vinna þarf að auknu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Það markmið hefur enn ekki náðst að uppræta kynjaskiptingu í atvinnulífinu og mikið vantar á sett markmið um þátttöku feðra í fæðingarorlofi. Þegar þetta er skoðað í tengslum við markmiðið *Góð menntun fyrir alla*, sem fellur undir áherslusviðið *Samkeppnishæf Norðurlönd*, blasir þannig við að þótt konur afli sér nú meiri menntunar en karlar standa þær enn höllum fæti á vinnumarkaðnum. Margháttaður vandi er einnig óleystur að því er varðar vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda – einkum kvenna – frá löndum utan EES.

Hér kemur einnig við sögu tengingin milli áherslusviðanna félagsleg sjálfbærni og samkeppnishæfni. Full þjóðfélagsþátttaka allra íbúa landanna, sem gerir þeim kleift að leggja sitt að mörkum í atvinnulífinu, er forsenda þess að Norðurlönd geti nýtt sér samkeppnishæfni sína og vinnuafl til fulls á árunum fram til 2030.

Þessi nánu tengsl samkeppnishæfni og þjóðfélagsþátttöku eru jafnan fyrir hendi, en hafa ekki síst þýðingu í tengslum við þau grænu umskipti sem mikil áhersla er lögð á um þessar mundir bæði á vettvangi stjórnmálanna og í atvinnulífinu. Eitt helsta viðfangsefni nútímastjórnmála, jafnt á alþjóðavettvangi sem á Norðurlöndum, er að tryggja að græn umskipti hafi ekki neikvæðar félagslegar afleiðingar heldur færi öllum þjóðfélagsþegnum ávinning. Hafa þarf þetta í huga þegar kemur að áfangamati á vinnunni við framtíðarsýnina.

Félagslega sjálfbær
Norðurlönd





Mynd: Common Ground Media

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Grunnmælingin sýnir að staða Norðurlanda er góð á sumum sviðum en á öðrum eru enn mörg vandamál sem leysa þarf úr ef markmiðið um græn Norðurlönd á að nást.

Ef núverandi þróun helst stefnir almennt í rétta átt en flestir þróunarvísarnir sýna of litlar framfarir til að markmiðin geti náðst fyrir árið 2030. Fimm þeirra sýna meira að segja stöðnun eða afturför.

Þeir fulltrúar hagaðila sem tóku þátt í vinnunni við grunnmælinguna telja að með vísan til þessa verði að vinna að grænum umskiptum af enn meiri þunga og tryggja enn betur fullnægjandi náttúruvernd í tengslum við bæði neyslu og framleiðslu.

Mynd 2 sýnir stöðu og leitni þróunarvísanna 15 á áherslusviðinu *Græn Norðurlönd*.

”

Norðurlönd, sem eru í eðli sínu hrjúf, falleg, óvægin og krefjandi, ljá heiminum þolgæði, þrautseigju og staðfestu til að takast á við aðsteðjandi vanda með öllum tiltækum ráðum. Vegna góðrar efnalegrar stöðu sinnar ber norrænu ríkjunum skylda til að hafa forystu um sjálfbærar aðferðir og lausnir í þágu jarðarinnar og lífsins á jörðinni.

Chris McCormick, Design og Arkitektúr (DOGA), Noregi



Mynd 2. Þróunarvísar á áherslusviðinu *Græn Norðurlönd*³

Aðgerðir í loftslagsmálum	Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun neyslutengdra gróðurhúsalofttegunda	Útbreiðsla hafíss á Norðurslóðum
Endurnýjanlegir orkugjafar	Endurnýjanleg orka	Orkukræfni	Hlutfall gróðurhúsalofttegunda
Ábyrg neysla og framleiðsla	Efnisspor	Endurnýting heimilissorps	Umhverfismerkingar
Líf á landi	Friðlýst svæði	Lífrænn landbúnaður	Fuglar sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum
Líf í vatni	Friðlýst hafsvæði	Ofauðgun Eystrasalts	Fiskistofnar í Norður-Íshafi og Barentshafi

Staða

- = Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu
- = Enn eru ýmis óleyst vandamál
- = Enn er við umtalsverðan vanda að etja
- = Við mikinn vanda er að etja

Leitniörvar

- = Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
- = Enn eru ýmis óleyst vandamál
- = Þróunin telst standa í stað
- = Þróunin stefnir í ranga átt

3. Gögn í norrænum talnagagnagrunni: <https://indicators.nordicstatistics.org/ourvision2030>

Græn umskipti krefjast öflugri aðgerða

Grunnmælingin staðfestir að unnið er að grænum umskiptum af miklum krafti á Norðurlöndum og sú vinna er einkum langt komin á sviði orkuframleiðslu og landbúnaðar. Hægar gengur að draga úr neyslu og framleiðslu og tryggja að náttúruauðlindir og fjölbreytni lífríkisins njóti viðunandi verndar.

Af jákvæðum þáttum er mest áberandi að bæði notkun endurnýjanlegra orkugjafa og hlutfall ræktarlands í lífrænni ræktun eykst hröðum skrefum. Ef fram heldur sem horfir verður markmiðum Norðurlandanna náð á báðum þessum sviðum árið 2030. Endurnýting heimilissorps stendur einnig vel og virðist settum markmiðum þegar hafa verið náð á því sviði.

Jákvæða þróun má sjá víðar, en grunnmælingin sýnir ótvírætt að Norðurlönd verða að leggja sig meira fram um að ná markmiðum Framtíðarsýnar okkar 2030.

Það er ekki síst losun gróðurhúsalofttegunda sem taka þarf fastari tókum; grunnmælingin sýnir að þar er við umtalsverðan vanda að etja óháð því hvaða mælikvarði er notaður. Þó að þróunin stefni í rétta átt er hún ekki nægilega hröð til að settum markmiðum verði náð árið 2030.

Efnisspor Norðurlanda er einnig of stórt og orkunotkunin of mikil og þróunin þar að auki í ranga átt að því er efnissporið varðar.

Náið samband er milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bráðnunar hafíss á norðurslóðum, en afleiðing þeirrar bráðnunar er að ísinn þekur sífellt minna hafsvæði. Þar er mikill vandi á ferðinni sem Norðurlönd geta ekki tekist á við ein, en þeim er í lófa lagið að hafa forystu um það verkefni á heimsvísu.

Að því er varðar verndun lífs í vatni og á landi og ráðstafanir til að standa vörð um fjölbreytni lífríkisins í því umhverfi sýnir grunnmælingin að þróunin er ýmist jákvæð eða neikvæð. Lífrænn landbúnaður eykst hröðum skrefum; raunar svo hratt að útlit er fyrir að markmið á því sviði náist fyrir árið 2030 ef fram heldur sem horfir. Almenn er núverandi staða einnig góð að því er varðar markmiðið *Líf á landi*. Meira áhyggjuefni er að fækkun hefur orðið í mörgum fuglastofnum og að lítið hefur bæst við af friðlýstum svæðum, hvort heldur sem er á landi eða í hafi. Ofauðgun Eystrasalts er annar mikill vandi, og ekki er útlit fyrir að markmiðum um að draga úr henni verði náð árið 2030 enda þótt nú miði í rétta átt.

Hér fer á eftir lýsing á stöðu og þróun mála að því er varðar markmiðin á þessu málefnasviði.

Aðgerðir í loftslagsmálum Norðurlönd losa enn of mikið af gróðurhúsalofttegundum

Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun neyslu-tengdra gróðurhúsalofttegunda	Útbreiðsla hafíss á Norðurslóðum
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Aðgerðir í loftslagsmálum* sýna að Norðurlönd eiga þar alls staðar við vanda að glíma.

Losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum, þar á meðal losun vegna framleiðslu í þessum ríkjum,⁴ er enn of mikil þegar litið er til þeirra markmiða sem sett hafa verið um minnkun slíkrar losunar í hverju landi, þó að hún sé umtalsvert minni en í samanburðarríkjunum. Að óbreyttri þróun verður settum markmiðum ekki náð á Norðurlöndum árið 2030. Matið á því hvaða leitni líklegt getur talist að þróunarvísarnir fylgi næstu ár byggist þó ekki eingöngu á sögulegum gögnum og litið er fram hjá áætlunum og ráðstöfunum norrænu ríkjanna sem miðast að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Tölur um neyslutengda losun gróðurhúsalofttegunda, óháð framleiðslustað vörunnar (Norðurlönd eða annað land), liggja aðeins fyrir að því er varðar Svíþjóð. Það getur talist vísbending um stöðu mála á Norðurlöndum í heild að núverandi losun í Svíþjóð er umtalsverður vandi þegar litið er til settra markmiða. Að vísu hefur dregið úr losun þar jafnt og þétt allt frá árinu 2010, og getur það aðeins talist til bóta, en sú þróun er of hæg til að tryggja að markmið á þessu sviði náist. Vonir standa til að gögn berist einnig frá hinum norrænu ríkjum og þá verði unnt að reikna stöðu þessa þróunarvísis fyrir Norðurlönd í heild.⁵

Bráðnun hafíss á norðurskautssvæðinu, sem er mæld á grundvelli þess hversu margir km² eru ísi þaktir (sbr. fylgiskjal 1), er einnig mikill vandi og flestir sérfræðingar telja að losun gróðurhúsalofttegunda sé ein helsta orsök hennar. Þróunin stefnir þar í ranga átt. Frá árinu 1990 hefur meðalútbreiðsla hafíss á norðurslóðum minnkað úr 11,7 í 10,2 milljónir km². Haldist sú þróun verður útbreiðslan komin niður í 9,5 milljónir km² árið 2030. Spár sérfræðinga um bráðnun hafíssins og líklegar afleiðingar hennar eru mjög breytilegar, en flestir telja að hér sé á ferðinni vandi sem getur haft gríðarlega neikvæð áhrif á loftslag og búsetu um allan heim ef þróun undanfarinna ára helst óbreytt.

Þegar á heildina er litið sýnir grunnmælingin að Norðurlönd glíma við mikinn vanda bæði að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og bráðnun hafíss

4. Um muninn á losun gróðurhúsalofttegunda eftir því hvort miðað er við framleiðslu innan landamæra Norðurlanda eða neyslu má til að mynda lesa hér: Greenhouse gas inventory - Wikipedia: https://en.wikipedia.org/wiki/Greenhouse_gas_inventory.

5. Aðferðin miðast við að gögnin sem notuð eru fyrir hvern þróunarvísi séu byggð á úrtaki sem samsvarar að minnsta kosti 50% íbúa á Norðurlöndum. Undantekning var gerð vegna þróunarvísis 1.1.2 vegna þess að talið var æskilegt að vísbending um stöðu hans kæmi fram í skýrslunni.

á norðurslóðum. Leitni þróunarvísanna bendir til þess að gera öflugri ráðstafana sér þörf til að tryggja að sett markmið náist. Fulltrúar hagaðila töldu að Norðurlönd hefðu mikilvægu hlutverki að gegna í því samhengi: Þó að losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum sé aðeins lítið brot af heildarlosun í heiminum geta norrænu ríkin haft forystu um aðgerðir í þessum efnum og vísað öðrum þjóðum veginn, m.a. í loftslagsviðræðum á alþjóðavettvangi.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- The Road Towards Carbon Neutrality in the Different Nordic Countries (2020): <https://www.norden.org/is/node/46465>
- Danmarks samlede forbrugsbaserede klimaaftryk (2021): https://ens.dk/sites/ens.dk/files/Basisfremskrivning/delrapport_2_-_beregning_af_danmarks_samlede_forbrugsbaserede_klimaaftryk.pdf
- Snow, Water, Ice and Permafrost in the Arctic Summary for Policy-makers (2017): <https://www.amap.no/documents/doc/snow-water-ice-and-permafrost.-summary-for-policy-makers/1532>

Endurnýjanlegir orkugjafar

Notkun endurnýjanlegra orkugjafa eykst stöðugt, en heildarorkunotkun er enn of mikil

Endurnýjanleg orka	Orkukræfni	Hlutfall gróðurhúsa-lofttegunda
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Sjálfbær orka* sýna að Norðurlönd glíma þar enn við óleystan vanda, enda þótt miðað hafi í rétta átt að sumu leyti.

Rúmur helmingur allrar orku sem notuð er á Norðurlöndum er framleiddur með endurnýjanlegum orkugjöfum. Norrænu ríkin nálgast því hratt markmið sín í þessu efni, og útlit er fyrir að þeim markmiðum verði náð að fullu árið 2030 ef leitni þróunarvísanna helst óbreytt.

Orkukræfni (orkunotkun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu) er mikill vandi á Norðurlöndum af grunnmælingunni að dæma. Hafa ber í huga að það er sameiginlegt markmið aðildarríkja Evrópusambandsins að minnka orkukræfni um 32,5% frá því sem var árið 2018. Markmiðið gildir fyrir Evrópusambandið í heild og ekki eru sett sérstök markmið fyrir hvert ríki, en líta má á þetta sem viðmið um hvað gera þarf. Með hliðsjón af þessu telst þróunin á Norðurlöndum stefna í rétta átt þó að hún sé ekki nægilega hröð til að settum markmiðum verði náð að óbreyttu árið 2030.

Losunarstig gróðurhúsalofttegunda, þ.e. hlutfallið milli orkutengdrar losunar slíkra lofttegunda og heildarorkunotkunar (sjá einnig fylgiskjal 1), telst umtalsverður vandi samkvæmt grunnmælingunni, enda er markmiðið er að hætta alveg slíkri losun. Nokkuð hefur þó miðað í rétta átt: Hlutfallið hefur farið stöðugt lækkandi og er nú þriðjungum lægra en árið 1996. Þó að það nægi ekki til að ná settum markmiðum fyrir árið 2030 er þróunin hraðari en í samanburðarríkjunum.

Þegar á heildina er litið standa Norðurlönd best á sviði nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa. Orkukræfni, þ.e. orkunotkun sem hlutfall af verðmæti eða framleiðslumagni, þarf hins vegar að minnka hraðar en nú ef sett markmið eiga að nást fyrir árið 2030. Jákvaett er að leitnin er í rétta átt að því er varðar alla þróunarvísa sem tengjast þessu markmiði.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Nordics lead Europe in renewables (2021): https://www.nordicenergy.org/article/nordics-lead-europe-in-renewables/?mc_cid=839dea502e&mc_eid=9d115a9781
- Progress Towards Nordic carbonneutrality – Tracking Nordic Clean Energy Progress 2020 (2020): <https://www.nordicenergy.org/wordpress/wp-content/uploads/2020/04/Tracking-Nordic-Clean-Energy-Progress-2020.pdf>
- Fit for Purpose? Toward trade rules that support fossil fuel subsidy reform and the clean energy transition (2020): <https://www.norden.org/is/node/47998>
- Sustainable use of biomass for heating and transport fuel (2020): <https://www.nordicenergy.org/wordpress/wp-content/uploads/2020/02/Sustainable-use-of-biomass-for-heating-and-transport-fuel-1.pdf>

Ábyrg neysla og framleiðsla

Efnissporið er of stórt

Efnisspor	Endurnýting heimilissorps	Umhverfismerkingar
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Ábyrg neysla og framleiðsla* sýna bæði jákvæðar og neikvæðar niðurstöður.

Þar telst einkum efnisspor Norðurlandabúa umtalsverður vandi. Norðurlönd standa að baki bæði þeim OECD-ríkjum sem hafa náð bestum árangri á þessu sviði og samanburðarríkjunum, og þróunin stefnir í ranga átt. Nauðsynlegt er að snúa þróuninni við ef sett markmið eiga að nást árið 2030.

Jákvæðari þróunar verður vart á sviði endurnýtingar heimilissorps. Telja má að Norðurlönd sem heild hafi þegar náð settum markmiðum í þessu efni. Litlar sem engar breytingar hafa þó orðið frá árinu 2015 og er útlit fyrir að Norðurlönd dragist aftur úr samanburðarríkjunum að óbreyttri þróun. Fulltrúar hagaðila nefndu í umsögn sinni um þennan þróunarvísi að í honum væri ekki tekið á því hversu mikill úrgangur verður til sums staðar á Norðurlöndum í samanburði við það sem gengur og gerist í Evrópusambandinu⁶.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn hefur verið notað í þessu samhengi frá árinu 2014. Umhverfismerkingar hafa færst í vöxt frá þeim tíma og eru nú tiltölulega útbreiddar. Full ástæða er þó til að auka þær enn frekar enda verður settum markmiðum að óbreyttu ekki náð árið 2030.

Þegar á heildina er litið er enn á brattann að sækja á Norðurlöndum að því er varðar ábyrga neyslu og framleiðslu. Einkum er það efnissporið sem telst umtalsverður vandi, en einnig þarf að auka notkun umhverfismerkinga.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Sustainable Public Procurement and the Sustainable Development Goals (2021): <https://www.norden.org/is/node/51375>
- Low-Carbon Circular Transition in the Nordics (2021): <https://www.norden.org/en/publication/low-carbon-circular-transition-nordics>
- Strategies and methods for implementing CE in

6. <https://www.europarl.europa.eu/news/da/headlines/society/20180328STO00751/danmark-i-top-og-bund-nar-det-gaelder-affaldshandtering-i-eu>

construction activities in the Nordic countries (2021):

<https://www.norden.org/is/node/50624>

- Accelerating low-carbon construction with wood – a Nordic Policy Snapshot (2021): <https://www.norden.org/is/node/48955>
- Nordic Youth As Sustainable Changemakers – In the transition to sustainable consumption and production (2019): <https://www.norden.org/is/node/48956>
- Sustainable Consumption and Production – An Analysis of Nordic Progress towards SDG12, and the way ahead (2018): <https://www.norden.org/is/node/41950>

Líf á landi

Unnið er að aukinni vernd náttúrulegs umhverfis og vistkerfa en hættur steðja að fjölbreytni lífríkisins

Friðlýst svæði	Ræktarland í lífrænni ræktun	Fuglar sem eru algengir á landbúnaðarsvæðum
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Líf á landi* endurspeglar bæði styrkleika og veikleika á Norðurlöndum þegar kemur að náttúruvernd og verndun fjölbreytni lífríkis á landi. Staða þessara mála er tiltölulega góð sem stendur, en hafa þarf í huga að tveir af vísunum þremur standa annað hvort í stað eða sýna neikvæða leitni.

Á Norðurlöndum eru nú tæp 17% lands friðlýst svæði ef þjóðgarðar og óbyggð víðerni eru talin með. Norðurlönd eiga því samkvæmt þessum vísni enn nokkuð í land þegar litið er til þess markmiðs Evrópusambandsins að friðlýst svæði skuli vera 30% lands, enda þótt þau séu komin lengra að þessu leyti en samanburðarríkin. Engar breytingar hafa orðið frá árinu 2012 og að óbreyttri þróun verður markmiðum á þessu sviði ekki náð árið 2030.

Jákvætt er hins vegar að sífellt meira land er tekið undir lífræna ræktun á Norðurlöndum. Þar er um að ræða fjölþættari landbúnað sem stundaður er án varnarefna og með verndun náttúrulegs umhverfis í huga og stuðlar þannig að aukinni fjölbreytni í lífríkinu. Hlutfall ræktarlands í lífrænni ræktun er þó enn aðeins 15% á Norðurlöndum og því langt undir markmiði

Evrópusambandsríkjanna, sem er 25%, þó að Norðurlönd standi framar samanburðarríkjunum í þessu tilliti. Jákvæðasti þátturinn er að haldist núverandi þróun verður settum markmiðum náð árið 2030.

Markmiðum um stærð fuglastofna á ræktuðu landi verður fullnægt að óbreyttri þróun. Margir stofnar fara þó minnkandi og því er hér við vaxandi vanda að glíma. Sömu þróun má sjá í samanburðarríkjunum og bendir það til að auknar hættur steðji nú að fjölbreytni lífríkisins.

Grunnmæling samkvæmt þróunarvísunum þremur fyrir markmiðið *Líf á landi* bregður upp tiltölulega góðri mynd af Norðurlöndum þegar á heildina er litið. Sérstaklega sýnir vöxtur ræktarlands í lífrænni ræktun jákvæða þróun sem líkleg er til að fullnægja settum markmiðum. Minnkun fuglastofna er áhyggjuefni og er meðal þess sem Norðurlönd þurfa að sinna af meiri krafti, ásamt hlutfalli friðlýstra svæða. Sérfræðingar sem rýndu grunnmælinguna lögðu áherslu á að til að fá skýrari mynd af stöðunni mætti skoða hana í breiðara samhengi með því að styðjast við fleiri vísa, fyrirbyggjandi rannsóknir og umsagnir sérfræðinga.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

Nánari upplýsingar um efnið *Líf á landi* á Norðurlöndum er að finna í eftirfarandi skýrslu:

- Synergy in conservation of biodiversity and climate change mitigation (2021): <https://www.norden.org/is/node/50850>
- National targets and local incentives for the management of natural areas in the Nordic countries (2021): <https://www.norden.org/is/node/50303>
- Downscaling climate projections – towards better adaptation strategies in the Nordic countries (2021): <https://www.norden.org/is/node/49156>
- Ten trends for the sustainable bioeconomy in Nordic Arctic and Baltic Sea Region (2020): <https://www.norden.org/is/node/47314>
- I Det nordiska skogsbruket – utmaningar i en framtid präglad av mer extremväder (2019): <https://www.norden.org/is/node/37244>
- Sammen mod en global aftale for natur og mennesker (2019): <https://www.norden.org/is/node/40264>

Líf í vatni

Auknar hættur steðja að fjölbreytni lífríkis í vatni vegna ofauðgunar og ofveiði

Friðlýst hafsvæði	Ofauðgun Eystrasalts	Fiskistofnar í Norður-Íshafi og Barents-hafi
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Líf í vatni* sýna að við vanda er að glíma á Norðurlöndum þegar kemur að verndun náttúrulegs umhverfis og fjölbreytni lífríkis í vatni.

Samkvæmt Natura 2000⁷ vantar enn töluvert á að hlutfall friðlýstra hafsvæða sé í samræmi við markmiðin sem Evrópusambandsríkin hafa sett, og enda þótt þróunin stefni í rétta átt er ekki útlit fyrir að settum markmiðum verði náð árið 2030. Einnig er rétt að benda á að vegna afar jákvæðrar þróunar í samanburðarríkjunum frá árinu 2016 standa þau nú framar Norðurlöndum í þessu efni.

Ofauðgun Eystrasalts⁸ verður einnig að teljast brýnn vandi með hliðsjón af þeim efri mörkum sem Helsinki-nefndin hefur sett, og enda þótt ofauðgunin hafi minnkað stöðugt allt frá 1995 er ekki útlit fyrir að settum markmiðum verði náð árið 2030 ef fram heldur sem horfir.

Staða fiskistofna í Norður-Íshafi og Barentshafi telst erfið. Árið 2019 var stærð stofnanna (þorsks, síldar og kolmunna) tæplega 15 milljónir tonna. Þeir hafa þannig dregist mikið saman frá því sem var árið 2004, en þá var stofnstærðin rúmlega 21 milljónir tonna, og haldist þessi þróun verður settum markmiðum ekki náð árið 2030.

Þegar á heildina er litið telst því vera við mikinn vanda að glíma að því er varðar markmiðið *Líf í vatni* og um leið fjölbreytni lífríkis á Norðurlöndum. Brýnustu viðfangsefnin sem stendur eru hlutfall friðlýstra hafsvæða og ofauðgun, og sé horft fram á veginn stefnir í að enginn vísanna þróist með þeim hætti að settum markmiðum verði náð árið 2030. Þar við bætist að þróun fiskistofna í Norður-Íshafi og Barentshafi stefnir í ranga átt. Vert er að nefna að þótt ábyrgðin á því að standa vörð um fjölbreytni lífríkisins á þessum hafsvæðum hvíli ekki á norrænu ríkjunum einum geta þau gengið fram með góðu fordæmi auk þess að vekja athygli á vandanum í samskiptum við önnur ríki og í tengslum við alþjóðasamninga á sviði umhverfismála.

Fiskebestanden i Det Arktiske Hav og Barentshavet vurderes fortsat at være udfordret: I 2019 var fiskebestanden (torsk, sild og blåhvilling) på knap 15 mio. tons. Det er en betydelig reduktion fra bestanden i 2004 på lidt over

7. Öll aðildarríki Evrópusambandsins hafa friðlýst tiltekinn fjölda náttúrusvæða. Valin eru svæði sem þykja hafa að geyma mikilvæga og verðmæta náttúru. Friðlýst svæði af því tagi eru kennd við „Natura 2000“. Sjá nánar hér: https://naturstyrelsen.dk/media/nst/Attachments/natura2000104119_ny_low.pdf

8. Ofauðgun merkir að næringarsölt hafi safnast fyrir í vötnum eða hafsvæðum í of ríku mæli. Orsökina er oft mikil notkun tilbúins áburðar. Sjá t.d. <https://undervisning.wwf.dk/eutrofiering-0>

21 mio. tons, og baseret på denne historiske tendens vurderes udviklingen frem mod 2030 ikke at være på sporet.

I samlet perspektiv er beskyttelsen af livet i havet og dermed den nordiske biodiversitet derfor udfordret. På nuværende tidspunkt er særligt andelen af beskyttede havområder og overgødskning en udfordring, og ser man fremad, vil ingen af indikatorerne med det nuværende udviklingstempo i 2030 indfri ambitionerne. For fiskebestanden i Det Arktiske Hav og Barentshavet går den fremadrettede udviklingstendens endda lige nu den forkerte vej. Det er værd at nævne, at Norden ikke er eneansvarlig for beskyttelsen af biodiversiteten i de nævnte havområder, men at Norden, ud over at sætte det gode eksempel på området – har mulighed for at bringe problematikker op i relevante internationale fora og miljøaftaler.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

Ítarlegri umfjöllun um verndun lífs í vatni er að finna hér:

- Blue Carbon – climate adaptation, CO2 uptake and sequestration of carbon in Nordic blue forests (2021)
<https://www.norden.org/is/node/49407>
- Science in brief: OMAI – Assessing acidification in the Baltic Sea (2021): <https://www.norden.org/is/node/50129>
- Strengthen the Global Science and Knowledge Base to Reduce Marine Plastic Pollution (2021):
<https://www.norden.org/is/node/50660>
- Clean Nordic Oceans main report – a network to reduce marine litter and ghost fishing
(2020): <https://www.norden.org/is/node/43211>
- Policy brief: Nordic coastal cleanup (2020):
<https://www.norden.org/is/node/42757>



Mynd: Common Ground Media, Unsplash.com & Norden.org

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Grunnmælingin sýnir að Norðurlönd eru komin vel á veg að ná því markmiði að auka samkeppnishæfni sína á grundvelli græns hagvaxtar, hugvits, frjálsrar farar og hringrásarhagkerfis.

Að því er suma þróunarvísa varðar eru markmiðin þegar uppfyllt og að óbreyttri þróun verður samkeppnisstaða Norðurlanda orðin enn sterkari árið 2030.


Þeir fulltrúar hagaðila sem tóku þátt í vinnunni við grunnskýrsluna leggja áherslu á að forsenda þess að Norðurlönd haldi sterkri stöðu sinni sé að þau tryggi góða menntun íbúanna og verði áfram í fararbroddi á sviði græns hugvits. Grunnmælingin sýnir að Norðurlönd þurfa að vinna að ýmsum umbótum í því efni.

Mynd 3 sýnir stöðu og leitni þróunarvísa á áherslusviðinu *Samkeppnishæf Norðurlönd*.

”

Ef fólk hefur minni menntun og lakari stöðu á vinnumarkaði en gengur og gerist dregur það almennt úr líkunum á að það sækji sér menntun þegar líður á starfsævina

Pia Björkbacka, The Central Organisation of Finnish Trade Unions (SAK)



Mynd 3. Þróunarvísar á áherslusviðinu Samkeppnishæf Norðurlönd⁹

Góð menntun fyrir alla	Háskólamenntun	Brottfall úr skólum	Fullorðinsfræðsla og endurmenntun
Góð atvinna og hagvöxtur	Atvinnuþátttaka	Störf í hringrásarhagkerfinu	Hagvöxtur
Nýsköpun og uppbygging	Fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs	Einkaleyfisumsóknir á sviði grænnar tækni	Digital Economy and Society Index (DESI)
Sjálfbærar borgir og samfélög	Almenningssamgöngur	Svifryksmengun í þéttbýli	Opin svæði á þéttbýlissvæðum
Frjáls för	Fólksflutningar milli Norðurlandanna	Innflutningur milli Norðurlanda	Vinna sem sótt er yfir landamæri

Staða

= Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu

= Enn eru ýmis óleyst vandamál

= Enn er við umtalsverðan vanda að etja

= Við mikinn vanda er að etja

Leitniörvar

= Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði

= Enn eru ýmis óleyst vandamál

= Þróunin telst standa í stað

= Þróunin stefnir í ranga átt

9. Gögn í norrænum talnagagnagrunni: <https://indicators.nordicstatistics.org/ourvision203>

Samkeppnishæf Norðurlönd – vegvísir að sjálfbærni og grænum hagvexti

Norðurlönd eru svæði sem einkennist af mikilli samkeppnishæfni, góðri menntun íbúanna og mikilli atvinnuþátttöku. Rannsóknir og grænt hugvit standa þar einnig traustum fótum. Þetta er myndin sem lesa má út úr grunnmælingunni.

Grunnmælingin sýnir einnig að íbúar á Norðurlöndum kaupa í ríkum mæli vörur frá grannlöndunum. Nokkrir erfiðleikar tengjast fólksflutningum milli Norðurlanda og ferðum íbúanna yfir landamærin vegna vinnu, og þar stendur þróunin ýmist í stað eða stefnir í ranga átt. Þó að Norðurlönd séu þegar vel samþætt er nauðsynlegt að snúa þessari þróun við til að tryggja að sett markmið um samþættingu Norðurlanda náist.

Menntun er mikilvægur grundvöllur samkeppnishæfni á Norðurlöndum. Norðurlandabúar eru almennt vel menntaðir, en tvö mikilvæg úrlausnarefni blasa við. Annars vegar hefur ekki tekist að ná markmiðum um að draga úr brottfalli úr skóla. Þó að þokast hafi í rétta átt undanfarin ár er þróunin ekki nógu hröð til að tryggja að settum markmiðum verði náð árið 2030. Hins vegar hverfa karlar frá námi í ríkara mæli en konur og afla sér almennt minni menntunar. Þetta er alkunnur vandi sem nauðsynlegt er að takast á við því að vel menntaðar þjóðir eru undirstaða norrænna velferðarsamfélaga.

Í Framtíðarsýn okkar 2030 kemur skýrt fram að leiðin sem farin verður til að auka samkeppnishæfni Norðurlanda enn frekar er að styrkja grænan hagvöxt með þátttöku allra þjóðfélagsþegna. Þeir fulltrúar hagaðila sem tóku þátt í gerð skýrslunnar lögðu einnig áherslu á þetta. Niðurstöður grunnmælingarinnar eru nokkuð mismunandi í þessum málaflokki. Jákvætt er að loftmengun í þéttbýli er lítil á Norðurlöndum. Hins vegar er ekki nægilega mikið um einkaleyfisumsóknir á sviði grænnar tækni. Græn störf eru einnig of fá og slíkum störfum fjölgar lítið sem ekkert. Svipaða sögu er að segja af almenningssamgöngum í þéttbýli.

Þetta er að miklu leyti sama niðurstaða og fram kom í tengslum við áherslusviðið *Græn Norðurlönd*. Unnið er að grænum umskiptum en vinnan við þau má ganga hraðar.

Hér fer á eftir lýsing á stöðu og þróun mála að því er varðar markmiðin fimm á þessu málefnaviði.

Góð menntun fyrir alla Norðurlandabúar eru vel menntaðir, en brottfall úr skóla er óleystur vandi

Háskólamenntun	Brottfall úr skólum	Fullorðinsfræðsla og endurmenntun
		

Grunnmæling á markmiðinu *Góð menntun fyrir alla* sýnir að norrænar þjóðir eru almennt vel menntaðar.

Þegar litið er til háskólamenntunar kemur í ljós að helmingur Norðurlandabúa á aldrinum 30–34 ára hefur stundað nám að loknum framhaldsskóla (2019). Þetta er til muna hærra hlutfall en í samanburðarríkjunum og settum markmiðum á þessu sviði hefur þegar verið náð. Menntunarstigið hefur aukist stöðugt frá árinu 1999, en þá hafði aðeins þriðjungur fólks á aldrinum 30–34 ára-aflað sér háskólamenntunar. Lakara er að þótt 58% norrænna kvenna hafi háskólanám að baki á hið sama aðeins við um 42% karla (2019). Þessi munur fer einnig vaxandi ef marka má þróun undanfarinna ára. Grunnmælingin leiðir einnig í ljós nokkurn mun á menntunarstigi eftir búsetu sem þó var ekki unnt að skýra með fyrirbyggjandi gögnum.

Brottfall úr skóla er brýnt úrlausnarefni á Norðurlöndum. Það brottfall var 8% árið 2019 (í markhópnum sem var fólk á aldrinum 18–24 ára) og Norðurlönd standast þar með ekki samjöfnuð við þau aðildarríki Evrópusambandsins sem best standa að vígi í þessu tilliti. Jákvætt er þó að brottfallið hefur farið hratt minnkandi og lækkaði hlutfallið þannig úr 11% árið 2006 í 8% árið 2019. Þessi þróun er þó ekki nægilega hröð til að settum markmiðum verði náð árið 2030. Einnig hér er kynjamunurinn áberandi, því að brottfall meðal karla var miklu hærra (9,7%) en meðal kvenna (6,6%) árið 2019.

Vel er staðið að fullorðinsfræðslu og endurmenntun á Norðurlöndum. Norrænu ríkin standa mun betur en samanburðarríkin og hafa náð settum markmiðum á þessu sviði. Staða kvenna er betri en karla einnig á þessu sviði og kynjamunurinn er rúmlega 10% (2019). Þátttaka í fullorðinsfræðslu og endurmenntun minnkar jafnt og þétt með hækkandi aldri. Hlutfall þeirra sem sækja sér slíka menntun er helmingi hærra meðal fólks á aldrinum 18–24 ára en þeirra sem eru 55–64 ára.

Þegar á heildina er litið bregður grunnmælingin upp mynd af vel menntuðum norrænum þjóðum, en góð menntun er einmitt með hliðsjón af Framtíðarsýn okkar 2030 mikilvægur grundvöllur norrænna velferðarsamfélaga. Norrænu ríkin þurfa þó að gera meira til að draga úr brottfalli úr skóla. Þá sýna þróunarvísarnir þrír að huga þarf að miklum mun á menntunarstigi kynjanna í ljósi þess að bæði er körlum miklu hættara við brottfalli úr skóla en konum og þeir sækja sér síður háskólamenntun.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Mapping Education for Sustainability in the Nordic Countries (2021): <https://www.norden.org/is/node/50089>
- School achievement and health development in the Nordic countries – Knowledge gaps and concerns about school-age children (2021): <https://www.norden.org/is/node/50661>
- Education at a Glance 2020 (2020): <https://www.oecd.org/education/education-at-a-glance/>
- Basic digital skills for adults in the Nordic countries (2020): <https://nvl.org/content/basic-digital-skills-for-adults-in-the-nordic-countries>

Góð atvinna og hagvöxtur Atvinnuþátttaka er mikil á Norðurlöndum, en fjölga mætti grænum störfum

Atvinnuþátttaka	Störf í hringrásarhagkerfinu	Hagvöxtur
		

Grunnmæling á markmiðinu *Góð atvinna og hagvöxtur* sýnir að Norðurlönd búa við mikla atvinnuþátttöku og góðan efnahag en að vinna þarf að því að auka hlutfall grænna starfa.

Atvinnuþátttaka á Norðurlöndum er 75% (2019) og því ein sú allra mesta meðal aðildarríkja OECD, og hefur lítil breyting orðið á því um margra ára skeið. Atvinnuþátttaka karla er nokkru meiri en kvenna (munurinn á hlutfallinu um 4 prósentustig). Ekki þarf að koma á óvart að atvinnuþátttakan er mest meðal fólks á aldrinum 35–54 ára. Hún er einnig mikil meðal fólks á aldrinum 55–64 ára (73%) og hefur aukist um 10 prósentustig í þeim aldurshópi undanfarin 15 ár. Það er jákvæð þróun.

Lakari staða kemur í ljós þegar skoðað er hlutfall starfa hjá einkafyrirtækjum í hringrásarhagkerfinu. Norðurlönd standa að þessu leyti nokkuð að baki þeim aðildarríkjum Evrópusambandsins sem lengst hafa náð þó að staðan sé betri en í samanburðarríkjunum. Litlar framfarir hafa orðið frá árinu 2008, og verður settum markmiðum að óbreyttu ekki náð árið

2030.

Norðurlönd hafa almennt búið við vöxt í hagkerfum sínum frá árinu 2000 með þeirri undantekningu að töluverður samdráttur varð í tengslum við fjármálakreppuna. Þegar horft er til þeirra aðildarríkja OECD sem bestum árangri hafa náð bendir grunnmælingin til þess að auka megi hagvöxt á Norðurlöndum, en fulltrúar hagaðila voru sammála um að markmiðið þyrfti fremur að vera hagvöxtur á grundvelli grænnar atvinnusköpunar og með þátttöku allra en að sækjast eftir hagvexti í líkingu við það sem best gerist í heiminum.

Leitnin í grunnmælingunni byggist einvörðungu á framreikningi og ber því að taka henni með fyrirvara. Rauða leitniörin endurspeglar þá staðreynd að gert er ráð fyrir hægari *aukningu* hagvaxtar en undanfarin ár þó að *vöxturinn sem slíkur* verði jákvæður. Hvorki hefur verið tekið tillit til afleiðinga Covid-19-faraldursins né annarra efnahagslegra og samfélagslegra áhrifa sem gera má ráð fyrir að væntanlegar framvinduskýrslur muni sýna.

Þegar á heildina er litið sýnir grunnmælingin að Norðurlönd búa við mikla atvinnuþátttöku og góðan hagvöxt. Vinna þarf að umbótum fyrst og fremst að því er varðar hlutfall grænna starfa og stuðla þannig að settum markmiðum um grænt hagkerfi sem byggist á hugviti, skapar atvinnu og eykur samkeppnishæfni.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- The Future of Work in the Nordic countries – Opportunities and Challenges for the Nordic Life Models (2021): <https://www.norden.org/is/node/51152>
- Analyse af udvikling og respons i nordiske arbejdsmarkeder som følge af Covid-19 pandemien (2021): <https://www.teknologisk.dk/ydelser/analyse-af-udvikling-og-respons-i-nordiske-arbejdsmarkeder-som-foelge-af-covid-19-pandemien/42769>
- Fjernarbejdets betydning for arbejdsmiljøet i Norden (2021): <https://oxfordresearch.dk/publications/fjernarbejdets-betydning-for-arbejdsmiljoet-i-norden/>
- Genusperspektiv på framtidens högteknologiska arbetsliv – En nordisk forskningsöversikt, inventering och analys av utbildningsval inom STEM (2021): <https://www.norden.org/is/node/50414>
- Ny teknik och digitala lösningar för ökad inkludering i arbetslivet (2021): <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/ny-teknik-och-digitala-losningar-for-okad-inkludering-i-arbetslivet/>

- Nordic Economic Policy Review 2020 – Financial regulation and macroeconomic stability in the Nordics (2020): <https://www.norden.org/is/node/47063>

Nýsköpun og uppbygging

Grænt hugvit og stafvæðing sækir í sig veðrið á Norðurlöndum

Fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs	Einkaleyfisumsóknir á sviði grænnar tækni	Digital Economy and Society Index (DESI)
		

Grunnmæling á markmiðinu *Nýsköpun og uppbygging* sýnir að þetta svið er almennt einn af helstu styrkleikum Norðurlanda.

Norrænu ríkin hafa þegar náð settum markmiðum um fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs. Fjárfesting á þessu sviði hefur verið með svipuðum hætti allt frá árinu 2003 og því er einnig útlit fyrir að markmiðin verði uppfyllt árið 2030. Þá hafa fjárframlög til rannsókna og þróunarstarfs verið hærri á þessu tímabili á Norðurlöndum en í samanburðarríkjunum þó að munurinn fari nú minnkandi.

Einkaleyfaumsóknum á sviði grænnar tækni hefur fjölgað um nær helming frá árinu 2003 og Norðurlönd hafa almennt náð betri árangri en samanburðarríkin einnig á þessu sviði. Norrænu ríkin standast þó ekki samjöfnuð við þau aðildarríki OECD sem náð hafa bestum árangri á þessu sviði og gætu því gert betur.

DESI-vísitalan (*Digital Economy and Society Index*), sem mælir árangur á sviði stafræns hagkerfis og samfélags, hefur sýnt sambærilega jákvæða þróun. Þar standa Norðurlönd einnig framar samanburðarríkjunum og hefur þróunin stefnt í rétta átt allt frá árinu 2017. DESI-vísitala Norðurlanda mælist mjög há vegna þess að markmiðin fyrir Framtíðarsýn okkar 2030 eru afar metnaðarfull og ríkin öll þegar í fararbroddi á sviði stafvæðingar. Að teknu tilliti til þessa er þó ástæða fyrir ríkin að gera enn betur.

Þegar á heildina er litið sýnir grunnmæling á markmiðinu *Nýsköpun og*

uppbygging jákvæða mynd. Norðurlönd leggja fé til rannsókna og þróunarstarfs og eru komin langt á sviði stafvæðingar. Brýnast er að vinna að umbótum að því er varðar fjölda einkaleyfa á sviði grænnar tækni og nauðsynlegt er að leggja sérstaka áherslu á þetta af sett markmið eiga að nást.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- GovTech in the Nordic-Baltic region – The GovTech situation, challenges and recommendations (2021): <https://www.norden.org/is/node/50248>
- Skills Policies - Building Capacities for Innovative and Resilient Nordic Regions (2020): <https://www.norden.org/is/node/47964>
- Nordic cooperation on data to boost the development of solutions with artificial intelligence (2020): <https://www.norden.org/is/node/46470>
- Governing the digital transition in Nordic Regions – The Human Element (2019): <https://www.norden.org/is/node/44687>
- Accelerating 5G in the Nordic and Baltic region – steppingstones for cross border collaboration (2019): <https://www.norden.org/is/node/40413>

Sjálfbærar borgir og samfélög

Auka þarf notkun almenningssamgangna í borgum og bæjum á Norðurlöndum

Almenningssamgöngur	Svifryksmengun í þéttbýli	Opin svæði á þéttbýlissvæðum
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Sjálfbærar borgir og samfélög* bregða upp misjafnri mynd af stöðu mála.

Notkun almenningssamgangna er enn ekki nógu mikil á Norðurlöndum til að sett markmið séu uppfyllt. Norðurlönd standa að þessi leyti að baki þeim aðildarríkjum OECD sem bestum árangri hafa náð og stöðnun hefur ríkt

undanfarna tvo áratugi. Eftirtektarvert er að þróunin stefnir niður á við í löndunum sem staðið hafa best og er það vísbending um að notkun almenningssamgangna sé sameiginlegur vandi margra ríkja.

Meðal jákvæðra þátta er að svifryksmengun á Norðurlöndum er svo lítil að markmið um hana eru þegar uppfyllt. Norrænu ríkin standa einnig til muna betur en samanburðarríkin og ef sú jákvæða þróun sem nú sést heldur áfram verða markmiðin enn uppfyllt árið 2030.

Ekki reyndist unnt að afla gagna um þriðja þróunarvísinn, þ.e. opin svæði á þéttbýlissvæðum.

Þegar á heildina er litið bregða vísarnir tveir upp misjafnri mynd af sjálfbærni í borgum og samfélögum. Sífellt dregur úr loftmengun en erfitt reynist að fá almenning til að nota almenningssamgöngur í meira mæli. Fulltrúar hagaðila bentu á að vísarnir tveir gæfu aðeins takmarkaða mynd af sjálfbærni borga og samfélaga.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Sustainable Nordic cities with focus on climate smart mobility (2021): <https://www.norden.org/is/node/49358>
- The right to access the city: Nordic urban planning from a disability perspective (2020): <https://nordregio.org/publications/the-right-to-access-the-city-nordic-urban-planning-from-a-disability-perspective/>
- Overcoming barriers to social inclusion in Nordic cities through policy and planning (2020): <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1469509/FULLTEXT02.pdf>
- Global goals for local priorities – The 2030 Agenda at local level (2018): <https://www.norden.org/en/publication/global-goals-local-priorities-0>
- The compact city of the North – functions, challenges and planning strategies (2018): <https://nordregio.org/publications/the-compact-city-of-the-north-functions-challenges-and-planning-strategies/>
- White Paper on Nordic Sustainable Cities (2017): <http://nordregio.org/publications/white-paper-on-nordic-sustainable-cities/>

Frjáls för

Mikil viðskipti eru yfir landamæri Norðurlanda en erfiðleikar tengjast fólksflutningum og ferðum vegna vinnu

Fólksflutningar milli Norðurlandanna	Innflutningur milli Norðurlanda	Vinna sem sótt er yfir landamæri
		

Grunnmæling á markmiðinu *Frjáls för* sýnir að viðskipti milli Norðurlanda eru mikil en gera þarf fólki auðveldara að flytjast milli landanna og sækja vinnu yfir landamæri þeirra. Þetta bendir til þess að markmið um góða samþættingu Norðurlanda hafi enn ekki náðst.

Grunnmælingin sýnir að við ýmis vandamál er að glíma að því er varðar fólksflutninga milli Norðurlanda og markmið á því sviði eru ekki uppfyllt sem stendur. Fólksflutningar milli landanna urðu mestir árið 2011 en hafa farið minnkandi síðan og eru núna nálægt því sem var þegar þeir náðu síðast lágmarki, þ.e. árið 1992. Í heild bendir þróun undanfarinna ára til þess að lítila breytinga sé að vænta.

Viðskipti milli Norðurlandanna, þ.e. innflutningur þeirra hvers um sig frá hinum Norðurlöndunum, virðist samkvæmt grunnmælingunni uppfylla sett markmið. Slíkur innflutningur nemur nú um 21% alls innflutnings á Norðurlöndum og hefur verið tiltölulega stöðugur á bilinu 21–24% allt frá árinu 2001, með smávægilegri leitni niður á við. Ef sú þróun helst verða markmiðin sem Norðurlöndin hafa sett sér á þessu sviði enn uppfyllt árið 2030.

Ferðir milli Norðurlandanna vegna vinnu teljast nú vera í góðu samræmi við sett markmið þó að nokkurra vandkvæða hafi orðið vart. Dregið hefur úr því að fólk sækji vinnu yfir landamæri allt frá því að síðasta hámarki var náð árið 2007, og því telst þróunin ekki vera á þann veg að settum markmiðum verði náð.

Þegar á heildina er litið kemur hér fram mynd af svæði þar sem góð samþætting er á sviði viðskipta en sífellt dregur úr því að íbúarnir flytjist milli landa eða sækji vinnu yfir landamæri. Ef sett markmið um vel samþætt Norðurlönd með góðum hreyfanleika milli landa eiga að nást er nauðsynlegt að snúa þeirri þróun við.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Nordic Cross-border Statistics (2021): <https://www.norden.org/is/node/49829>
- Closed Borders and divided Communities – status report and lessons from Covid-19 in cross-border areas (2021): <https://www.norden.org/is/node/50127>
- Policy brief: Nordic border communities in the time of COVID-19 (2021): <https://nordregio.org/publications/nordic-border-communities-in-the-time-of-covid-19/#>
- Varuhandel på lika villkor?: Tull och moms i Norden ur ett gränshinderperspektiv (2020): <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1469177&dswid=6750>
- Mentala gränshinder Öresund – Danska och svenska företagens syn på hinder och möjligheter vid arbete över gränsen (2019): https://www.oresundsinstitutet.org/wp-content/uploads/2019/05/Mentala_granshinder_190322.pdf
- Mentala gränshinder – En studie av hur norska och svenska företagare ser på att arbeta över gränsen (2018): <https://www.oresundsinstitutet.org/wp-content/uploads/2018/02/20180212-Analys-mentala-granshinder-Norge-Sverige.pdf>



Mynd: Common Ground Media

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að stuðla að samfelldu svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Grunnmælingin sýnir að Norðurlöndin einkennast af jöfnuði, góðri heilsu íbúanna og miklu samfélagslegu trausti, og að þróunin er að þessu leyti almennt í rétta átt. Hún sýnir einnig að enn má gera betur á ýmsum sviðum, sérstaklega að því er varðar vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES og kynjajafnrétti á vinnumarkaði. Jafnframt þarf að vinna betur að markmiðunum um samþættingu Norðurlanda á sviði menningarmála.


Þeir fulltrúar hagaðila sem tóku þátt í gerð skýrslunnar bentu sérstaklega á að mikilvægt væri að standa vörð um norræn þjóðfélagsgildi á borð við jafna þátttöku allra, jöfnuð og samheldni sem tryggja að allir geti lagt sitt að mörkum, ekki aðeins til að styrkja norræn velferðarsamfélög, heldur einnig til að tryggja Norðurlöndum sterka samkeppnisstöðu á alþjóðavettvangi.

Mynd 4 sýnir stöðu og leitni þróunarvísa á áherslusviðinu.

”

Jafnréttishugsun Norðurlandabúa, öflugar stofnanir og mikið samfélagslegt traust eru þættir sem gera Norðurlöndum kleift að taka forystu og sýna öðrum þjóðum hvaða leiðir unnt er að fara til að ná öllu því besta út úr einstaklingum, vinnuteymum og samstarfsfólki.

Chris McCormick, Design og Arkitektúr (DOGA), Noregi



Mynd 4. Þróunarvísar á áherslusviðinu *Félagslega sjálfbær Norðurlönd*¹⁰

Heilsa og vellíðan	Ævilíkur	Mat á eigin heilsu	Dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna
Jafnrétti kynjanna	Kynjaskiptur vinnumarkaður	Þátttaka feðra í fæðingarorlofi	Hluttur kvenna á þjóðþingum
Aukinn jöfnuður	Efnalegur ójöfnuður	Hætta á fátækt og félagslegri einangrun	Vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES
Friður, réttlæti og traustar stofnanir	Samfélagslegt traust	Kosningaþátttaka	Afbrot, ofbeldi og eignaspjöll
Öflugra menningarstarf	Innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum	Opinber útgjöld til menningarmála	Menningarútgjöld heimila

Staða

= Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu

= Enn eru ýmis óleyst vandamál

= Enn er við umtalsverðan vanda að etja

Leitniörvar

= Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði

= Enn eru ýmis óleyst vandamál

= Þróunin telst standa í stað

10. Gögn í norrænum talnagagnagrunni: <https://indicators.nordicstatistics.org/ourvision203>

● = Við mikinn vanda er að etja

↓ = Þróunin stefnir í ranga átt

Félagsleg sjálfbærni Norðurlanda verður að taka til allra

Grunnmælingin sýnir í stórum dráttum að á Norðurlöndum er mikill efnalegur jöfnuður og samfélagslegt traust, og íbúarnir búa við góða heilsu og mikið langlífi. Kosningabátttaka er einnig mikil þó að hún mælist ekki í líkingu við það sem best gerist í heiminum.

Grunnmælingin varpar einnig ljósi á fáein atriði sem spilla þessari góðu heildarmynd. Annars vegar eru sett markmið um jafnrétti kynjanna ekki uppfyllt sem stendur. Þar er við vanda að glíma bæði að því er varðar kynjaskiptan vinnumarkað og þátttöku feðra í fæðingarorlofi. Hlutur feðra í fæðingarorlofi fer að vísu vaxandi, en þróunin þarf að vera hraðari ef sett markmið um þetta eiga að nást fyrir árið 2030.

Norðurlönd glíma einnig við mikinn vanda að því er varðar vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda, einkum kvenna, frá löndum utan EES, og þróunin um þessar mundir bendir ekki til þess að sá vandi leysist fyrir árið 2030.

Grunnmælingin varpar ekki aðeins ljósi á styrkleika og veikleika að því er varðar þjóðfélagsþátttöku, heldur einnig á tengslin milli áherslusviðanna *Samkeppnishæf Norðurlönd* og *Félagslega sjálfbær Norðurlönd*. Hér er að athuga að of lítil atvinnuþátttaka og ónægt jafnrétti á vinnumarkaði getur orðið til þess að kraftar vinnandi fólks á Norðurlöndum og samkeppnisfærni ríkjanna nýtist ekki til fulls.

Á sviði menningarmála eru niðurstöður grunnmælingarinnar nokkuð misjafnar. Fjárframlög á þessu sviði, bæði frá hinu opinbera og einkaaðilum, uppfylla sem stendur sett markmið en innflutningur á menningarvörum frá öðrum norrænum ríkjum hefur farið minnkandi undanfarin ár, og sá samdráttur er meiri en sem nemur almennum samdrætti innflutnings frá hinum Norðurlöndunum (sjá umfjöllunina um frjálsa för á Norðurlöndum). Þetta getur staðið í vegi fyrir því að sett markmið um góða samþættingu Norðurlanda náist.

Hér á eftir fer umfjöllun um markmiðin fimm á þessu málefnasviði og þróunarvísana þrjá sem tengjast hverju markmiði.

Heilsa og vellíðan

Norðurlandabúar verða sífelldri en mat þeirra á eigin heilsu stendur í stað

Ævilíkur	Mat á eigin heilsu	Dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna
		

Þróunarvísarnir þrír sem tengjast markmiðinu *Heilsa og vellíðan* sýna almennt jákvæða mynd af heilsu Norðurlandabúa.

Ævilíkur uppfylla nú þegar markmiðin sem norrænu ríkin hafa sett sér. Meðalævilengd Norðurlandabúa er 82 ár (2018) og konur lifa að jafnaði fjórum árum lengur en karlar. Þetta er mjög svipað því sem sést í samanburðarríkjunum. Leitnin er sömuleiðis í rétta átt. Þegar litið er til lengra tímabils hefur meðalævi Norðurlandabúa lengst stöðugt frá árinu 1990, en þá var hún rúmlega 76 ár, og haldist þessi þróun verður svo komið árið 2030 að Norðurlandabúar verða tæplega 85 ára að meðaltali.

Norðurlandabúar meta eigin heilsu (líkamlega og geðræna) góða og standa Norðurlönd frammar samanburðarríkjunum í þessu tilliti, þó að enn betri niðurstaða komi fram í ýmsum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Óverulegar breytingar hafa orðið á þessu undanfarin tíu ár. Mat á eigin heilsu er þó breytilegt eftir kyni og aldri. Karlmenn meta eigin heilsu almennt ögn betri en konur, enda þótt konur lifi að jafnaði lengur eins og vísirinn hér á undan sýnir. Með hækkandi aldri fer heilsa samkvæmt eigin mati smám saman versnandi, og kemur það tæpast á óvart. Skýrasti munurinn kemur þó fram eftir búsetu, þ.e. milli strjálbýlis og þéttbýlis, og er eigið mat íbúa í þéttbýli á eigin heilsu til muna betra en mat íbúa í strjálbýli á sinni heilsu.

Dánartíðni af völdum sjúkdóma sem unnt er að fyrirbyggja eða lækna hefur fallið stöðugt á Norðurlöndum frá árinu 2011. Þau standa einnig að þessu leyti betur en samanburðarríkin og eru sett markmið uppfyllt eins og málum er nú háttað. Þróunin stefnir sömuleiðis í rétta átt og verða markmiðin að óbreyttu enn uppfyllt árið 2030.

Þegar á heildina er litið verður heilsa og vellíðan Norðurlandabúa að teljast góð hvort sem horft er til núverandi stöðu eða fram í tímann. Til lengri tíma litið er mikilvægt að stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun og vinna að því að jafna muninn sem nú verður vart eftir kyni og búsetu.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Se, lytte og inkludere – Deltakelse for barn og unge med funktionsnedsettelser i Norden (2021): <https://nordicwelfare.org/publikationer/se-lytte-og-inkludere-deltakelse-for-barn-og-unge-med-funktionsnedsettelser-i-norden/>
- Att åldras i Norden – En kartläggning av strategier och initiativ för aktivt och hälsosamt åldrande i de nordiska länderna (2020): <https://www.norden.org/is/node/47854>
- Bridging Nordic Data – Legal overview of possibilities and obstacles for secondary use of health data for innovation and development (2020): <https://www.norden.org/is/node/44886>
- Indicators for health inequality in the Nordic countries (2019): <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/indicators-for-health-inequality-in-the-nordic-countries/>
- Policy briefs to increase equality in health (2019): <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/policy-briefs-to-increase-equal-health-in-the-nordic-countries/>
- Education Policy for Health Equality – Lessons for the Nordic Region (2019): <https://nordicwelfare.org/publikationer/education-policy-for-health-equality-lessons-for-the-nordic-region/>
- Unga mäns hälsa i de nordiska länderna (2018): <https://nordicwelfare.org/publikationer/unga-mans-halsa-i-de-nordiska-landerna/>

Jafnrétti

Jafnrétti kynjanna eykst, en fullu jafnrétti er þó ekki náð

Kynjaskiptur vinnumarkaður	Þátttaka feðra í fæðingarorlofi	Hluttur kvenna á þjóðþingum
		

Þróunarvísarnir sem tengjast markmiðinu *Jafnrétti kynjanna* sýna að þróunin stefnir í rétta átt á Norðurlöndum en jafnframt að enn er við ýmsan vanda að etja.

Á Norðurlöndum er enn mikil kynjaskipting á mörgum vinnumörkuðum. Vísirinn er byggður á svonefndri „staðlaðri vísitölu“ (*IP index*) sem kennd er við Karmel og MacLachlan, en hana má túlka sem það hlutfall fólks á vinnumarkaði sem þyrfti að skipta um starf til að jafna að fullu hlut karla og kvenna í öllum atvinnugreinum. Á árinu 2019 hefðu 18% vinnandi fólks þurft að skipta um starf til að ná fram jafnri kynjaskiptingu í öllum greinum. Þróun á þessu sviði stendur nú í stað og verður settum markmiðum á sviði jafnréttismála ekki náð árið 2030 að óbreyttri þróun.

Lítill þátttaka feðra í fæðingarorlofi er sömuleiðis umtalsverður vandi þegar litið er til settra markmiða um kynjajafnrétti. Feður nýta enn aðeins um 20% af öllu fæðingarorlofi (2017). Þátttaka þeirra í fæðingarorlofi hefur aukist umtalsvert frá árinu 2006, eða um 8 prósentustig (var þá 12%), en sú þróun er ekki nægilega hröð til að fullur jöfnuður náist milli mæðra og feðra fyrir árið 2030.

Jákvæðari þróun hefur orðið á þjóðþingum Norðurlandanna, en þar eru konur rúmlega 44% þingmanna og það hlutfall hefur verið 40–44% allt frá árinu 2003. Þetta er mun betri staða en í samanburðarríkjunum. Sett markmið er þegar uppfyllt og er ekki búist við að nokkrar breytingar verði að því leyti. Bæði á alþjóðavettvangi og á Norðurlöndum er litið svo á að kynjaskipting sé jöfn ef hlutfall bæði karla og kvenna er að minnsta kosti 40%.

Í Framtíðarsýn okkar 2030 er jafnrétti lýst sem forsendu fyrir sjálfbæru samfélagi, nægri atvinnu og öflugu hagkerfi. Þar er átt við að bæði þarf að jafna rétt kynjanna og nýta aukið jafnrétti sem lyftistöng hagvaxtar. Í því ljósi bregður grunnmælingin upp misjafnri mynd af stöðunni á Norðurlöndum. Hluttur kvenna á þingi er jákvæður þáttur, og hið sama á við um aukna þátttöku karla í fæðingarorlofi. Niðurstöður grunnmælingarinnar eru þó vísbending um að leggja megi meiri áherslu á markmiðið um jafnrétti á vinnumarkaði. Það á við bæði að því er varðar kynjaskiptingu starfa og þátttöku feðra í fæðingarorlofi.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Nordic Gender Equality in Figures (2021): <https://pub.norden.org/nord2021-036/>
- Jämställdhetseffekter av covid-19 (2021): <https://nikk.no/publikationer/jamstallldhetseffekter-av-covid-19/>
- Kvinnor som inte deltar i integrationsprogram (2021): <https://nordicwelfare.org/integration-norden/fakta/kvinnor-som-inte-deltar-i-integrationsprogram/>
- Livsvillkor i Nordens rurala områden ur ett genusperspektiv (2020): <https://nikk.no/publikationer/livsvillkor-i-nordens-rurala-omraden-ur-ett-genusperspektiv/>
- Comparing Gender and Media Equality Across the Globe (2020): <https://www.norden.org/is/node/48064>
- The Nordic Gender Effect at Work (2019): <https://www.norden.org/is/node/44853>
- State of Nordic Fathers (2019): <https://www.norden.org/is/nordicfathers>
- Is the Last Mile the Longest? Economic Gains from Gender Equality in Nordic Countries (2018): <https://www.norden.org/is/node/7824>

Aukinn jöfnuður

Mikill jöfnuður er á Norðurlöndum, en munur á atvinnuþátttöku eftir uppruna – innan eða utan Evrópu – gerir vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda erfiðari

Efnalegur ójöfnuður	Hætta á fátækt og félagslegri einangrun	Vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES
		

Þróunarvísarnir þrír sem tengjast markmiðinu Aukinn jöfnuður sýna að norræn samfélög einkennast af miklum jöfnuði þó að enn sé við vanda að etja á ýmsum sviðum.

Að því er varðar efnalegan ójöfnuð, eins og hann mælist samkvæmt Gini-stuðli, standa Norðurlönd flestum öðrum ríkjum framar og hafa tveggja prósentustiga forskot á samanburðarríkin¹¹. Þegar litið er til þróunar síðustu ára sést að ójöfnuður hefur vaxið lítillega á Norðurlöndum frá árinu 2004, án þess þó að það ógni verulega þeim mikla jöfnuði sem þar ríkir almennt og því er útlit fyrir að markmið um þetta efni verði enn uppfyllt árið 2030 (græn ör).

Þegar litið er til þess hversu stórt hlutfall íbúa á fátækt og félagslega einangrun á hættu eru Norðurlöndin einnig meðal þeirra ríkja í Evrópu sem teljast hafa náð bestum árangri. Staðan í samanburðarríkjunum er mjög svipuð. Litlar breytingar hafa orðið á þessu á Norðurlöndum frá árinu 2003. Sett markmið teljast því uppfyllt einnig á þessu sviði og þá jafnframt þegar horft er til ársins 2030 að því tilskildu að núverandi staða haldist óbreytt.

Þegar kemur að efnalegum ójöfnuði skiptir kyn litlu máli um hættuna á að búa við fátækt eða félagslega einangrun. Aldur virðist aftur á móti vera mikilvægur áhrifaþáttur. Meðal yngra fólks, í aldursþópnum 16–24-ára, er hættan á fátækt og félagslegri einangrun meira en þreföld á við það sem gerist meðal þeirra sem eru 55 ára eða eldri. Nokkurn mun má einnig sjá eftir búsetu.

Vinnumarkaðsaðlögun innflytjenda frá löndum utan EES er brýnn vandi. Árið 2019 var munurinn á atvinnuþátttöku fólks eftir uppruna tæp 17% og lítil breyting hefur orðið á þessu undanfarin 15 ár. Skýr kynjamunur kemur einnig fram. Munurinn á atvinnuþátttöku kvenna eftir því hvort þær rekja uppruna sinn til lands innan eða utan EES var 23% (2019) en talsvert minni meðal karla, eða 12%.

Þegar á heildina er litið sýnir grunnmælingin að enda þótt norræn samfélög einkennist af miklum jöfnuði þarf enn að leysa úr ýmsum vandamálum ef

sett markmið um þátttöku allra í þjóðfélaginu eiga að nást. Það á einkum við að því er varðar atvinnuþátttöku fólks frá löndum utan EES. Fulltrúar hagaðila benda einnig á að nauðsynlegt sé að fylgjast vel með aukningu efnalegs ójafnaðar þó að markmið í því efni verði enn uppfyllt árið 2030 samkvæmt niðurstöðum grunnmælingarinnar.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Nordic Children and Young People in Figures (2021): <https://pub.norden.org/nord2021-039/>
- Seven challenges for LGBTI equality – and how the Nordic cooperation can solve them (2021): <https://www.norden.org/is/node/49971>
- Socialt bæredygtig græn omstilling i Norden (2020): <https://www.norden.org/is/node/47952>
- Innvandring og innvandrere i Norden (2020): https://www.ssb.no/befolkning/artikler-og-publikasjoner/_attachment/435597?_ts=17574699570
- Veje til beskæftigelse for flygtninge-og indvandrerkvinder – En guide baseret på den aktuelt bedste viden fra de nordiske lande (2019): <https://www.norden.org/is/node/48372>
- Nordic integration and settlement policies for refugees: A comparative analysis of labour market integration outcomes (2019): <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1306724&dswid=-390>

Friður, réttlæti og traustar stofnanir

Samfélagslegt traust er mikið en kosningabátttaka stendur í stað

Samfélagslegt traust	Kosningabátttaka	Afbrot, ofbeldi og eignaspjöll
		

Þróunarvísarnir þrír sem tengjast markmiðinu *Friður, réttlæti og traustar stofnanir* sýna að norræn samfélög eru friðsöm og einkennast af miklu samfélagslegu trausti.

Samfélagslegt traust, ein af grunnstoðum norræna velferðarsamfélaga, er meira á Norðurlöndum en víðast annars staðar. Norrænu ríkin raðast í fimm efstu sæti meðal EES-ríkjanna samkvæmt mælikvarða um þetta efni (2018). Samfélagslegt traust hefur mælst stöðugt undanfarin 15 ár og engin merki eru um að breytingar verði þar á. Sama stöðugleika má sjá óháð kyni. Ef þessi þróun helst verða sett markmið enn uppfyllt árið 2030.

Mikil þátttaka er í kosningum til norrænu þjóðþinganna (tæplega 76% árið 2019). Í samanburði við þau Evrópuríki sem best standa að þessu leyti geta Norðurlönd þó gert enn betur. Kosningabátttaka á Norðurlöndum hefur aðeins minnkað lítillega frá árinu 1990 (var þá 79%) og því er gert ráð fyrir að hún haldist svipuð á næstu árum. Eftirtektarvert er að í samanburðarríkjunum minnkaði kosningabátttaka milli árána 1990 og 2019 úr tæpum 75% í um 57%. Ef til vill má líta á þetta sem vísbendingu um að Norðurlönd eigi ekki við sama vanda að glíma að þessu leyti og ýmis önnur lönd.

Tæp 9% Norðurlandabúa lýstu áhyggjum af afbrotum, ofbeldi og eignaspjölum árið 2019 og hefur það hlutfall lækkað um 2,5 prósentustig frá árinu 2004. Þó að þetta sé betri niðurstaða en í samanburðarríkjunum eru Norðurlönd eftir sem áður ekki meðal þeirra ríkja sem best eru stödd í þessu efni, og grunnmælingin er því vísbending um að enn megi gera betur.

Þegar á heildina er litið staðfestir grunnmælingin þá mynd af norrænum velferðarsamfélögum að þau einkennist af miklu samfélagslegu trausti og breiðri lýðræðisþátttöku. Ef sett markmið eiga að nást þarf þó að stuðla að enn meiri lýðræðisþátttöku og öryggi í samfélaginu. Minnkandi kosningabátttaka í samanburðarríkjunum getur ef til vill þjónað sem ábending um að nauðsynlegt sé að treysta lögmæti stjórnmalakerfanna og auka tiltrú á þau.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- NABO – Social Inclusion of Youth in the Nordic Region (2021): <https://www.norden.org/is/node/50339>
- The Media for Democracy Monitor 2021 (2021): <https://www.norden.org/is/node/51772>
- Power, Communication, and Politics in the Nordic Countries (2021): <https://www.norden.org/is/node/49038>
- Democracy and climate engagement in the Nordic region same direction, different solutions (2020): <https://www.norden.org/is/node/44728>
- Ett värdefullt samarbete – Den nordiska befolkningens syn på Norden (2017): <https://www.norden.org/is/node/7313>
- Trust – The Nordic Gold (2017): <https://www.norden.org/is/node/7613>

Öflugra menningarstarf *Innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum fer minnkandi*

Innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum	Opinber útgjöld til menningarmála	Menningarútgjöld heimila
		

Þróunarvísarnir þrír sem tengjast markmiðinu *Öflugra menningarstarf* bregða upp misjafnri mynd af stöðu mála.

Liðurinn *Innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum* var árið 2019 tæp 19% af öllum innflutningi á menningarvörum á Norðurlöndum. Þetta er tiltölulega góð upphafsstaða þegar litið er til þess markmiðs að auka samþættingu Norðurlanda á sviði menningar, en nauðsynlegt er að hafa í huga að innflutningurinn hefur farið hratt minnkandi frá því að hann náði hámarki árið 2004 (32%). Eigi sett markmið að nást er því nauðsynlegt að snúa þessari neikvæðu þróun við. Einnig er vert að benda á að frá árinu 2003 hefur innflutningur á menningarvörum frá öðrum Norðurlöndum (vísir 2.5.2) dregist meira saman hlutfallslega en heildarinnflutningur á vörum. Það getur bent til þess að innflutningur á menningartengdum vörum frá öðrum Norðurlöndum sé atriði sum huga þarf sérstaklega að í tengslum við markmiðið um vel samþætt Norðurlönd.

Opinber útgjöld til menningarmála uppfylla sem stendur sett markmið og Norðurlöndin standa betur að þessu leyti en samanburðarríkin. Ef þróun síðustu ára helst má búast við auknum fjárveitingum til menningarmála fram til ársins 2030. Það bendir til þess að norrænu ríkin telji mikilvægt að styðja menningarlífið.

Á sama hátt er talið að útgjöld heimila til menningar muni fullnægja settum markmiðum, en lítið er svo á að slík útgjöld séu til marks um þátttöku almennings í menningarlífinu. Útgjöld heimila til menningar hafa farið vaxandi um langt skeið og er nú svo komið (2019) að þessi útgjaldaliður heimilanna hefur tvöfaldast frá árinu 1995. Ef núverandi þróun helst verða markmið að því er þennan vísi varðar einnig uppfyllt árið 2030.

Þegar á heildina er lítið sýnir grunnmælingin að norrænt menningarlíf nýtur ríflegra fjárframlaga og mikillar þátttöku almennings. Það er jákvæð þróun. Áhugi Norðurlandabúa á menningarefni frá öðrum Norðurlöndum virðist þó fara minnkandi og það er vandi sem takast þarf á við í tengslum við markmiðið um að auka samþættingu Norðurlanda á menningarsviðinu.

TIL NÁNARI FRÆÐSLU

- Covid-19-pandemiens effekter på kultursektoren i de nordiske landene (2021): <https://www.norden.org/is/node/50911>
- Covid-19 och de nordiska nyhetsmedierna (2021): <https://www.norden.org/is/node/50649>
- Kulturutgifter i Norden (2020): <https://kulturanalys.se/publikation/kulturutgifter-i-norden/>
- Folkbibliotek i Norden (2020): <https://kulturanalys.se/publikation/folkbibliotek-i-norden/>
- Making culture – Children's and young people's leisure cultures (2019): <https://kulturanalys.se/publikation/making-culture/>
- Museer i Norden (2018): <https://kulturanalys.se/publikation/museer-i-norden/>
- Kulturpolitisk styrning (2018): <https://kulturanalys.se/publikation/kulturpolitisk-styrning/>

Aðferð

Rambøll Management Consulting þróaði matslíkan sem notað var við ákvörðun grunnstöðu vegna *Framtíðarsýnar okkar 2030*. Í líkaninu er stuðst við alþjóðlega mælikvarða á sjálfbærni sem þróaðir voru í tengslum við heimsmarkmiðin á vegum Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna og Bertelsmann Stiftung.

Hópur sérfræðinga var fenginn til að rýna drög að matslíkaninu, og hópur fulltrúa hagaðila frá öllum Norðurlöndum gaf umsögn um niðurstöður grunnmælingarinnar þegar þær lágu fyrir í drögum.

Nánari lýsing á matslíkaninu og vinnunni við þróun þess fer hér á eftir.

Matslíkanið

Aðferðin sem notuð er til að ákvarða grunnstöðuna miðast við það sem áður hefur verið gert í þessari grein, og endanlegt matslíkan er reist á fjórum stöðum:

A: Ákvörðun efri og neðri viðmiðunarmarka fyrir hvern þróunarvísi: Til að gera það mælanlegt hversu vel markmiðum *Framtíðarsýnar okkar 2030* er náð eru ákvörðuð töluleg efri og neðri viðmiðunarmörk fyrir hvern þróunarvísi. Þetta er gert á grundvelli fjögurra þrepa líkans.

B: Kvörðun og stigagjöf með umferðarljósakerfi: Framsetning á stöðu mála hverju sinni og framgangi settra markmiða miðast við kvörðunar- og litaaðferðina sem notuð er í árlegri skýrslu um árangur ríkja við innleiðingu heimsmarkmiðanna, „SDG Development Report“¹² (SDR)¹³. Bilið milli efri og neðri viðmiðunarmarka er kvarðað frá 0–100 og stig síðan gefin á því bili, en staða og þróun vísisins er sýnd með „umferðarljósakerfi“ (grænt/gult/rauðgult/rautt).

C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs: Komið er upp samanburðarviðmiði fyrir upphafsstöðu Norðurlandanna og framgang markmiða fyrir hvern þróunarvísi á grundvelli gagna um þau fimm OECD-ríki sem bestum árangri hafa náð og geta talist sambærileg við Norðurlönd.

D: Mat á mismun hópa og svæða: Metinn er munur eftir kyni, aldri og/eða búsetu að því er varðar þróunarvísa sem slík gögn liggja fyrir um. Notast er við Theil-vísitölu auk annarra tölulegra gagna.


A: Ákvörðun efri og neðri viðmiðunarmarka fyrir hvern þróunarvísi Norrænu ráðherranefndarinnar

Líkanið miðast við að nota megi skýr og mælanleg viðmiðunarmörk fyrir hvern hinna 45 þróunarvísa til að leggja mat á stöðu mála nú og í framtíðinni. Í því skyni er nauðsynlegt að ákvarða töluleg efri og neðri mörk fyrir hvern vísi. Efri mörkin eru ákveðin á grundvelli þrepalíkans sem sniðið er eftir aðferðinni sem þróuð var í tengslum við „SDG Development Report“

(SDR). Prepalíkanið hefur að geyma fjórar mismunandi aðferðir til að ákveða viðmiðunarmörkin, og er aðferðin á efsta þrepinu notuð ef henni verður við komið. Að öðrum kosti er notuð aðferðin á næsta þrepi fyrir neðan o.s.frv. Um er að ræða aðferðir til að ákveða viðmiðunarmörk sem tíðkast bæði á alþjóðavísu og á Norðurlöndum. Með þessu er tryggt að grunnmælingin sé byggð á almennt viðurkenndum viðmiðum.

Hér fyrir neðan sést myndræn framsetning á þrepalíkaninu sem notað er til að ákveða efri viðmiðunarmörkin.

Mynd 5. Þrepalíkan sem notað er til að ákveða viðmiðunarmörk fyrir þróunarvísa Framtíðarsýnar okkar 2030



Neðri viðmiðunarmörkin eru ákveðin annað hvort á grundvelli vegins meðalgildis þeirra aðildarríkja Evrópusambandsins eða OECD sem lakast standa, tæknilegs lágmarksgildis vísisins eða lakasta árangurs sem Norðurlönd hafa náð sem heild. Við ákvörðun þeirra er tekið mið af efri viðmiðunarmörkunum og þeim markmiðum sem talist geta góð, raunhæf og gagnleg fyrir þróunarvísinn í norrænu samhengi.


B: „Umferðarljósakerfi“ líkansins til að sýna stöðu og þróun

Næsta stoð í líkaninu felur í sér endurkvörðun efri og neðri marka hvers þróunarvísis (eins og þau voru ákvörðuð í stoð A) eftir kvarða frá 0–100. Á

12. Áður *SDG Index & Dashboard*.

13. Sustainable Development Report 2020, SDSN & Bertelsmann Stiftung (2020).

grundvelli þess kvarða er staða vísisins með tilliti framgangs markmiða og þróunar síðan sýnd með þrepaskiptum litakóða („umferðarljósum“). Litirnir gefa til kynna hversu „langt“ norrænu ríkin eru frá því, sem heild, að ná efri viðmiðunarmörkunum. Kvörðunaraðferðin og litaskiptingin byggist á nálgun Sustainable Development Solutions Network¹⁴ (SDSN) og Bertelsmann Stiftung í skýrslunni „SDG Development Report“ sem út kemur árlega¹⁵ (SDR)¹⁶. Kvarðanum 0–100 er skipt í fjóra jafnstóra fjórðunga eins og sýnt er hér fyrir neðan.



Leitniörvar: Auk þess að sýna með litum hvernig Norðurlönd standa að því er varðar stigagjöf fyrir hvern þróunarvísi fer fram einfaldur framreikningur á þróun síðustu ára til að gefa hugmynd um hvert stefnir. Niðurstaða þess framreiknings er gefin til kynna með ör sem sýnir bæði með stefnu og lit hvort núverandi þróun er til marks um að settu markmiði verði náð árið 2030. Þetta má nota sem vísbendingu um hvort aðgerðir norrænu ríkjanna hafa skilað tilætluðum árangri, en einnig hvort þörf er á nýjum eða betri aðgerðum til að vinna að markmiðinu. Litur hvernar örvar ræðst af eftirtöldum viðmiðum:

Græn ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar niðurstöðu á græna svæðinu (75,1–100%). Þróunin telst þá stefna í rétta átt.

Gul ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar jákvæðri niðurstöðu, þ.e. aukningu sem nemur meira en 0,5% en er þó ekki nægileg til að vera innan græna svæðisins, þ.e. 75,1–100% árið 2030. Þróunin telst þá hóflega jákvæð.

Rauðgul ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar niðurstöðu sem samsvarar stöðnun, þ.e. breytingu innan markanna –0,5% til 0,5% prósentustig. Þróunin telst þá standa í stað.

Rauð ör: framreikningur vísisins til ársins 2030 skilar neikvæðri niðurstöðu, þ.e. samdrætti sem nemur meira en 0,5%. Þróunin stefnir þá í ranga átt.

Merking litanna er sem hér segir:

14. Fyrirverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna stofnaði SDSN árið 2012 og hefur það síðan verið vettvangur fræði- og vísindamanna til að vinna að framgangi heimsmarkmiðanna. <https://www.unsdsn.org/about-us>. SDR, sem nýtur viðurkenningar bæði Sameinuðu þjóðanna og OECD, er alþjóðleg úttekt á því hversu góðum árangri ýmis svæði (m.a. Evrópusambandið) og ríki hafa náð í vinnu sinni að heimsmarkmiðunum.

15. Áður *SDG Index & Dashboard*.

16. Rétt eins og í SDR er grundvallarreglan „Leave no one behind“ notuð hér til að ákveða efri mörk sem hæfa norrænu samhengi þegar þannig stendur á að Norðurlöndin hafa þegar náð því markmiði sem ákvarðað var í stoð A (sjá skref 4, stoð A). Sustainable Development Report 2020, SDSN & Bertelsmann Stiftung (2020)

Staða	Leitniörvar
 Norðurlönd uppfylla sett markmið á þessari stundu	 Útlit er fyrir að Norðurlöndin nái settu markmiði
 Enn eru ýmis óleyst vandamál	 Enn eru ýmis óleyst vandamál
 Enn er við umtalsverðan vanda að etja	 Þróunin telst standa í stað
 Við mikinn vanda er að etja	 Þróunin stefnir í ranga átt

C: Ákvörðun samanburðarviðmiðs (samanburðarríki)

Auk þess að sýna stöðu og þróun stigagjafar Norðurlanda samkvæmt hverjum hinna 45 þróunarvísa Norrænu ráðherranefndarinnar er einnig notað samanburðarviðmið þar sem stigagjöfin og þróun hennar er borin saman við stigagjöf og þróun tiltekins hóps samanburðarríkja. Með hliðsjón af því markmiði Norrænu ráðherranefndarinnar að gera Norðurlönd að sjálfbærasta og best samþætta svæði heims er samanburðarviðmiðið ákveðið á grundvelli árangurs þeirra fimm aðildarríkja OECD sem best standa og teljast sambærileg við norrænu ríkin í þjóðhagslegum skilningi. Hugtakið „sambærileg“ vísar hér til þess að löndin mega aðeins vera lítillega frábrugðin Norðurlöndunum þegar horft er til ýmissa mikilvægra þjóðhagfræðilegra mælikvarða. Sérstakur hópur samanburðarríkja er notaður fyrir hvert áherslusvið. Fimm samanburðarríki eru valin í hvern hóp á grundvelli raunhæfra þjóðhagslegra mælikvarða á borð við kaupmáttarjöfnuð, verga þjóðarframleiðslu á mann, fjárveitingar til heilbrigðis- og menntamála, ójöfnuð (Gini-stuðul) o.fl. Í samanburðarhópi hvers áherslusviðs eru þessi ríki:

Græn Norðurlönd: Austurríki, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Sviss, Bretland og Nýja-Sjáland

Samkeppnishæf Norðurlönd: Austurríki, Belgía, Holland, Þýskaland, Frakkland, Kanada og Nýja-Sjáland

Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Austurríki, Belgía, Tékkland, Eistland, Frakkland, Þýskaland og Holland.

D: Mat á mun eftir kyni, aldri og búsetu („Leave no one behind“)

Í síðustu stoð líkansins er metið hvort verulegur munur er á framgangi settra markmiða eftir aldurshópi, kyni eða búsetu í landinu, eftir því sem slíkur samanburður á við og þar sem gögn liggja fyrir. Þetta mat ber að skoða í samhengi við áherslu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á „Leave no one behind“ og tilgangurinn er að draga fram hvort þróunarvísirinn sem um ræðir tekur með fullnægjandi hætti tillit til stöðu allra samfélagshópa.

Greiningin miðast við Theil-vísitölu sem kemur að gagni við að meta umfang munar af þessu tagi. Theil-vísitala er sértílvik svonefndrar almennrar

óreiðuvísitölu (*generalised entropy index*) og er reiknuð sem hér segir:

$$T = \frac{1}{N} \sum_{i=1}^N \frac{y_i}{\bar{y}} \ln \left(\frac{y_i}{\bar{y}} \right), \quad \bar{y} \neq 0, \quad y_i > 0, \quad T \in (0, \infty)$$

þar sem N er fjöldi flokka, t.d. héraða, y_i er breytan sem við viljum finna muninn á í „í-ta“ flokkinum, t.d. atvinnupátttaka í „í-ta“ héraðinu, en $\bar{y}$ er meðalgildi allra flokkanna.

Ef enginn munur er fyrir hendi verður gildi vísitölunnar núll, $T=0$. Vísitalan hefur engin fræðileg efri mörk og gildi hennar getur því nálgast hið óendanlega, en í reynd ákvarðast efri mörkin af $LN(N)^{16}$, sem nota má til að tákna fullkominn ójöfnuð.

Stofnanir á borð við OECD hafa notað svipaða aðferð til gera grein fyrir mun milli svæða og héraða. Vísitalan hefur meðal annars þann kost að hún gerir það kleift að bera þróunarvísa saman með tilliti til þess hversu mikinn mun eða ójöfnuð hver og einn þeirra sýnir.

Matið byggist á gögnum frá Norrænu ráðherranefndinni auk þess sem stuðst er við tölur úr viðurkenndum opinberum gagnagrunnum (gögn frá hagstofum Danmerkur og Noregs o.fl.).

Matslíkan og niðurstöður rýndar með aðstoð sérfræðingahóps og fulltrúa hagaðila

Til að tryggja skipulega rýni á matslíkaninu var leitað til **hóps sérfræðinga** sem hittust í þessu skyni á þremur vinnustofum og nokkrum fundum.

Annars vegar var haldin vinnustofa með sérfræðingahópi sem skipaður var sérstaklega vegna þessa verkefnis. Sá hópur var skipaður fulltrúum dönsku hagstofunnar (Danmarks Statistik), sænsku hagstofunnar (SCB), norsku hagstofunnar (Statistisk Sentralbyrå), The Finnish Environment Institute (SYKE), Oslo Centre for Interdisciplinary Environmental and Social Research og Nordregio, auk þriggja sérfræðinga sem sitja í sérfræðingahópi Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun.

Hins vegar fékk sérfræðingahópur Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun kynningu á matslíkaninu og fyrstu niðurstöðum á fundi og málstofu í kjölfar hans.

Til að rýna fyrstu niðurstöður grunnmælingarinnar voru einnig haldnar **þrjár vinnustofur með fulltrúum hagaðila** frá öllum Norðurlöndum með áherslu á einu áherslusviðanna þriggja hverju sinni. Fulltrúar hagaðila gáfu þá umsögn um eftirtalin atriði: 1) Hvaða styrkleika og veikleika þeir sæju á grunnmælingunni í samanburði við aðrar aðferðir til að meta sjálfbærni og 2) hvort þeir teldu að fyrstu niðurstöður grunnmælingarinnar samræmdust þeirra eigin þekkingu á þessu efnissviði. Loks var óskað eftir umsögn þeirra

um 3) hvernig nota mætti grunnstöðu Norðurlandanna til að vekja athygli á *Framtíðarsýn okkar 2030*.

Tekið var tillit til umsagna sérfræðinga og fulltrúa hagaðila í allri vinnu við grunnmælinguna og matsaðferðina. Norrænu ráðherranefndinni hefur verið afhent matslíkanið og gögnin sem notuð voru með frekari úrvinnslu fyrir augum, auk fylgiskjals með ítarlegri lýsingu á aðferðinni.

Fylgiskjal 1 – Norrænir þróunarvísar fyrir Framtíðarsýn okkar 2030

Hér fyrir neðan er yfirlit um þróunarvísa fyrir stefnumarkandi áherslusviðin þrjú:

Græn Norðurlönd

	Vísir	Lýsing
Aðgerðir í loftslagsmálum (heimsmarkmið 13)		
1.1.1	Losun gróðurhúsalofttegunda* ^{13.2.2}	Vísirinn sýnir breytingar á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á svæðinu (að millilandaflugi meðtöldu).
1.1.2i	Neyslutengd losun gróðurhúsalofttegunda* ^{13.2.2}	Vísirinn sýnir heildarþróun neyslutengdrar losunar gróðurhúsalofttegunda.
1.1.3	Útbreiðsla hafiss á norðurskautinu	Vísirinn sýnir útbreiðslu hafiss á norðurskautinu í ferkílómetrum talið.
Sjálfbær orka fyrir alla (heimsmarkmið 7)		
1.2.1	Endurnýjanleg orka sem hlutfall af heildarorkunotkun	Vísirinn sýnir hlutfall endurnýjanlegrar orku af heildarorkunotkun.
1.2.2	Tengsl orkunotkunar og vergrar þjóðarframleiðslu* ^{7.3.1}	Vísirinn sýnir sambandið milli orkunotkunar og vergrar þjóðarframleiðslu (VPF). Lægri tala merkir að minni orka er notuð til að framleiða hverja einingu af VPF. VPF er reiknuð á föstu verðlagi.
1.2.3	Losunarstig gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar	Vísirinn sýnir þróun sambandsins milli losunar gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar og samanlagðrar heildarorkunotkunar á landi (í koltvísýringsígildum) frá árinu 2000.
Ábyrg neysla og framleiðsla (heimsmarkmið 12)		
1.3.1	Efnisspor á íbúa* ^{8.4.1/12.2.1}	Með efnisspori er átt við hversu mikið af grunnhræfnum þarf að vinna til að fullnægja endanlegri eftirspurn eftir hræfnum í landinu sem um ræðir. Efnisspor á mann er því sú meðalnotkun grunnhræfna á mann sem samsvarar endanlegri eftirspurn í landinu.
1.3.2	Endurvinnsluhlutfall almenns sorps* ^{12.5.1}	Vísirinn sýnir hlutfall endurunnins sorps af heildarmagni almenns sorps í sveitarfélögum.
1.3.3	Skráð leyfi til að nota umhverfismerki	Tilgreindur er hversu mörg leyfi til að nota norræna umhverfismerkið Svaninn voru í gildi 31. desember hvers árs.
Líf á landi (heimsmarkmið 15) **		
1.4.1	Hlutfall friðlýstra svæða (af heildarflatarmáli landsins)* ^{15.1.2}	Hlutfall friðlýstra svæða samkvæmt Natura 2000 (Danmörk, Finnland og Svíþjóð). Noregur og Ísland: Þjóðgarðar og friðlönd. Í Noregi einnig landslagsverndarsvæði og á Íslandi einnig friðlýst búsvæði.
1.4.2	Hlutfall ræktarlands með lífrænni ræktun* ^{2.4.1}	Hlutfall ræktarlands með lífrænni ræktun (land í rækt, sjálfbær framleiðsla) af öllu ræktarlandi.
1.4.3	Fuglar sem eru algengir á ræktuðu landi.* ^{15.5.1}	Common farmland bird index. Vísitala fugla sem eru algengir á ræktuðu landi samkvæmt upplýsingum frá BirdLife-samtökum hvers lands. Vísitala 2000 = 100.

Líf í vatni (heimsmarkmið 14)***		
1.5.1	Friðlýst hafsvæði (heildarflatarmál)*14.5.1	Friðlýst hafsvæði samkvæmt Natura 2000 (Danmörk, Finnland og Svíþjóð). Noregur: Friðlýst hafsvæði.
1.5.2	Ofauðgun Eystrasalts.*14.1.1	Vísirinn sýnir hversu mörg tonn af nitri og fosfór berast í Eystrasalt á hverju ári. Byggt er á mælingum á sjö svæðum allt frá Botnvík nyrst í Helsingjabotni til Kattegat milli Danmerkur og Svíþjóðar. Mæld er heildaraukning, hvort sem efnin berast úr lofti eða með vatnsföllum.
1.5.3	Fiskstofnar í Norður-Íshafi og Barentshafi.*14.4.1	Fiskstofnar í austanverðu Norður-Íshafi og Barentshafi. Vísirinn sýnir samanlagða stofnstærð þorsks, síldar og kolmunna í þúsundum tonna.

** Tengt markmið: Ekkert hungur (heimsmarkmið 2). *** Tengt markmið: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða (heimsmarkmið 6).

Samkeppnishæf Norðurlönd

	Vísir	Lýsing
Góð menntun fyrir alla (SDG 4)		
2.1.1	Lengd skólagöngu: háskólanám og annað nám að loknu framhaldsskólaprófi*4.1.2	Hlutfall fólks á aldrinum 30–34 ára sem hefur lokið námi á háskólastigi eða öðru námi að loknu framhaldsskólaprófi
2.1.2	Brotthvarf frá námi	Hlutfall fólks á aldrinum 18–24 ára sem hverfur frá námi fyrir lokapróf.
2.1.3	Endurmenntun fullorðinna*4.3.1	Hlutfall fólks á aldrinum 25–64 ára sem hefur sótt símenntunar- eða endurmenntunarnámskeið á undangengnum fjórum vikum. Þátttaka í símenntun er mælikvarði á ævinám.
Góð atvinna og hagvöxtur (heimsmarkmið 8)		
2.2.1	Hlutfall starfandi	Mælt er hlutfall starfandi í aldurshópnum 15–64 ára.
2.2.2	Hlutfall starfa á almennum vinnumarkaði sem tengjast hringrásarhagkerfinu (og lífiðnaði)	Vísirinn sýnir hlutfall starfsfólks í endurvinnsluiðnaði, viðgerðar- og endurnýtingargreinum og útleigustarfsemi af heildarfjölda launþega.
2.2.3	Árlegur vöxtur VbF*8.1.1	Vísirinn sýnir hundraðshlutaðvöxt vergrar þjóðarframleiðslu milli ára á föstu verðlagi. Með því að nota fast verðlag (í stað verðlags hvers árs) er komist hjá skekkju vegna verðlagsbreytinga, og tölurnar sýna breytingar á heildarumfangi vergrar þjóðarframleiðslu.
Nýsköpun og uppbygging (heimsmarkmið 9)		
2.3.1	Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af VbF*9.5.1	Innanlandsútgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, hundraðshluti. Innanlandsútgjöld til rannsókna og þróunar eru allur fastur og breytilegur kostnaður vegna rannsókna- og þróunarstarfs sem til fellur á vissu tímabili, óháð uppruna fjármunanna.
2.3.2	Fjöldi einkaleyfisumsókna á sviði umhverfistækni	Fjöldi umsókna sem Einkaleyfastofnun Evrópu berast um einkaleyfi á sviðum sem OECD flokkar sem umhverfistækni („Selected environmental-related technologies“).
2.3.3	Vísitala stafræns hagkerfis og samfélags (Digital Economy and Society Index, DESI)	Vísitala stafræns hagkerfis og samfélags (DESI) mælir stafræna samkeppnishæfni landanna á grundvelli 37 mælikvarða á stafræna uppbyggingu og framfarir.

Sjálfbærar borgir og samfélög (SDG 11)		
2.4.1	Hlutfall ferða með almenningssamgöngum af heildarfjölda ferða*11.2.1	Hlutfall ferða með almenningssamgöngum af heildarfjölda ferða, mælt í farþegakílómetrum (pkm). Undir almenningssamgöngur falla strætisvagna- og lestasamgöngur. Til heildarfjölda ferða teljast allar ferðir einstaklinga í einkabílum og með almenningssamgöngum.
2.4.2	Svifryksmengun í þéttbýli*11.6.2	Meðalstyrkur agna undir 2,5 µm í andrúmslofti í þéttbýli, mældur á ársgrundvelli. Vísirinn er veginn eftir mannfjölda, þ.e. íbúafjöldi ræður vægi hvers þéttbýlisstaðar í vísitölunni.
2.4.3	Meðalhlutfall opinna svæða til almenningsnota á þéttbýlissvæðum.*11.7.1	Talnaefni fyrir þennan vísir liggur ekki enn fyrir.
Frjáls för		
2.5.1	Fólksflutningar milli Norðurlandanna	Vísirinn sýnir innflutning fólks frá öðrum Norðurlöndum en því sem um ræðir sem fjölda á hverja 10.000 íbúa
2.5.2	Vöruinnflutningur frá hinum Norðurlöndunum	Hlutfall vöruinnflutnings frá hinum Norðurlöndunum af heildarinnflutningi á vörum.
2.5.3	Vinna sem sótt er yfir landamæri norrænu ríkjanna	Vísirinn sýnir hversu margir vinna í öðru norrænu landi en búsetulandinu, af hverjum 10.000 starfandi.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

	Vísir	Lýsing
Heilsa og vellíðan (heimsmarkmið 3)		
3.1.1	Meðallíflíkur nýfæddra barna	Meðallíflíkur við fæðingu.
3.1.2	Mat á eigin heilsu	Hlutfall þeirra sem telja eigin heilsu góða eða mjög góða.
3.1.3	Hlutfall þeirra sem deyja fyrir 75 ára aldur úr sjúkdómum sem unnt er að lækna eða fyrirbyggja	Fjöldi þeirra sem deyja af völdum tiltekinna sjúkdóma af hverjum 100.000 íbúum á aldrinum 0–75 ára. Notuð er stöðluð aldursskipting til að gera samanburð milli landa raunhæfan. Tölurnar miðast aðeins við þá sjúkdóma sem talið er unnt að lækna eða fyrirbyggja.
Jafnrétti kynjanna (heimsmarkmið 5)		
3.2.1	Kynjaskipting á vinnumarkaði	Vísirinn er byggður á svonefndri „staðlaðri vísitölu“ (eða IP) sem kennd er við Karmel og MacLachlan. Túlka má vísitöluna sem það hlutfall starfandi fólks sem skipta þyrfti um starf til að ná fram jafnri kynjaskiptingu í öllum störfum.
3.2.2	Hlutfall fæðingarorlofs sem feður taka út	Vísirinn sýnir hlut feðra af öllu fæðingarorlofi sem tekið er út.
3.2.3	Hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum á þjóðþingum*5.5.1	Vísirinn sýnir hlutfall kvenna meðal kjörinna fulltrúa á þjóðþingum landanna.
Aukinn jöfnuður (heimsmarkmið 10)****		
3.3.1	Gini-stuðull	Gini-stuðullinn er hagfræðilegur mælikvarði á ójöfnuð, t.d. tekjuskiptingu.
3.3.2	Hlutfall þeirra sem eiga á hættu fátækt og félagslega einangrun	Samsettur mælikvarði sem miðast við eftirtalið: 1) fólk undir skilgreindum fátæktarmörkum (60% af miðgildi ráðstöfunartekna í landinu eftir greiðslu

		almannatryggingabóta), 2) alvarlegur skortur á efnislegum gæðum, og 3) heimili með mjög lágt vinnuhlutfall.
3.3.3	Munur á hlutfalli atvinnulausra og fólks utan vinnumarkaðar eftir fæðingarlandi: utan Evrópusambandsins eða innanlands	Vísirinn sýnir muninn á hlutfalli atvinnulausra og þeirra sem eru utan vinnumarkaðar meðal þeirra sem eru fædd utan Evrópusambandsins annars vegar og þeirra sem eru fædd innanlands hins vegar.
Friður og réttlæti (heimsmarkmið 16)		
3.4.1	Samfélagslegt traust	Vísirinn sýnir á tíu þrepa kvarða hversu mikið traust fólk ber almennt til samborgara sinna. Kvarðinn nær frá 0, sem merkir ekkert traust, til 10, sem merkir að flestum er talið treystandi.
3.4.2	Kjörsókn í kosningum til þjóðþings	Greidd atkvæði í þingkosningum sem hlutfall af fjölda á kjörskrá (gild, auð og ógild atkvæði).
3.4.3	Hlutfall íbúa sem lýsa áhyggjum af afbrotum, ofbeldi og eignaspjöllum.*16.2.1	Vísirinn sýnir það hlutfall íbúa sem segjast hafa áhyggjur af afbrotum, ofbeldi eða eignaspjöllum í nágrenni sínu.
Öflugra menningarstarf		
3.5.1	Innflutningur á menningartengdum vörum frá hinum Norðurlöndunum	Hlutfall vöruinnflutnings frá hinum Norðurlöndunum af heildarinnflutningi á vörum.
3.5.2	Opinber útgjöld til menningarmála sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu	Vísirinn sýnir það hlutfall opinberra útgjalda (að meðtöldum útgjöldum héraða og sveitarfélaga) sem rennur til menningarmála.
3.5.3	Útgjöld heimila vegna menningar, vísitala (2015 = 100)	Vísirinn sýnir útgjöld heimilanna til kaupa á afþreyingar- og menningarþjónustu. Þróunin er sýnd sem breyting á föstu verðlagi frá árinu 2015. Útgjöld einstaklinga og heimila vegna kaupa á menningartengdum vörum og þjónustu eru notuð sem lauslegur mælikvarði á þátttöku í menningarstarfi.

**** Tengt markmið: Engin fátækt (heimsmarkmið 1).

Fylgiskjal 2 – Viðmiðunarmörk

A green Nordic Region

Number	Indicator	Step	Upper boundary	Lower boundary	Method used to set the boundaries
Climate Action (SDG 13)					
1.1.1	Emission of greenhouse gasses	1	61% reduction compared to 1990-levels.	Emission volume as in 1990	Upper boundary: Weighted average of the Nordic countries national 2030-targets Lower boundary: Emission as in the reference year used in the Paris Agreement.
1.1.2	Emission of consumption-based GHGs	2	74.884 Tusind Ton	192.010 Tusind Ton	Upper boundary: 61% reduction of 2010 level (historical maximum since 2008) Lower boundary: Historical maximum since 2008
1.1.3	Expanse of the Arctic ice coverage	3	12 mio km ²	0	Upper boundary: The upper bound is set as the historical maximum in since 1979 with respect to the levels measured in marts. The upper boundary is therefore not an average between Marts and September. Lower boundary: Technical Minimum
Sustainable energy (SDG 7)					
1.2.1	Renewable energy share of the gross energy use	1	89,4%	3%	Upper boundary: Weighted national nordic targets Lower boundary: As defined in the SDR-report
1.2.2	Energy use in relation to GDP	2	32,5%	0%	Upper boundary: EU-defined target - Reduction in energy usage of 32,5 pct. Lower boundary: 2018-levels as this is reference point from the reduction
1.2.3	Emission intensity of greenhouse gases from energy use	2	0	Historical max.	Upper boundary: SDR-report, using a Technical optimum Lower boundary: Historical maximum value
Sustainable consumption and production (SDG 12)					
1.3.1	Material footprint per inhabitant	4	14,538	47,07	Upper boundary: Weighted average of the 3 OECD-countries with the lowest footprint, forecasted to 2030 Lower boundary: Weighted average of the 3 OECD-countries with the highest footprint, forecasted to 2030
1.3.2	Degree of recycling of municipal waste	2	60%	0%	Upper boundary: EU-defined target Lower boundary: Technical minimum
1.3.3	Number of registered ecolabelling	4	Continued avg. Historical	0	Upper boundary: A continued historical growth. I.e. the 2019 number of licenses has been forecasted to the number that would result in 2030 assuming the same avg. Yearly growth rate.

	licenses		growth rate		Lower boundary: Technical minimum
Life on land (SDG 15)					
1.4.1	Proportion of protected land areas (in relation to the country's total area)	2	30%	0%	Upper boundary: EU-defined target, as no national targets have been found Lower boundary: Technical minimum
1.4.2	Proportion of organic agricultural land	2	25%	0%	Upper boundary: EU-defined target, as no national targets have been found Lower boundary: Technical minimum
1.4.3	Common birds in agricultural landscapes	2/3	100	0	Upper boundary: Index of 100 (2000 as historical maximum) Lower boundary: Technical minimum
Life in the ocean (SDG 14)					
1.5.1	Protected marine area (total area)	2	30% (corresponding to an area of 126.268 km ²)	0%	Upper boundary: EU-defined target, as no national targets have been found. Lower boundary: Technical minimum
1.5.2	Eutrophication of the Baltic Sea	3	Max. Discharge of 113.173 ton N/year and 3.102 ton P/year	Historic max. Discharge of N and P	Upper boundary: Max. Discharge (of N and P) to the area per year (MAI), defined by HELCOM Lower boundary: Historical max. Discharge (of N and P both)
1.5.3	Northeast Atlantic Catches, by fish species	3	TAC, per species: Cod, Herring, Blue Whiting	MSY, per species: Cod, Herring, Blue Whiting	Upper boundary: Historical Maximum Lower boundary: Technical minimum

Samkeppnishæf Norðurlönd

Number	Indicator	Step	Upper boundary	Lower boundary	Method used to set the boundaries
Good education for all (SDG 4)					
2.1.1	Level of education attained: college / university education	4	59,80%	0%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Technical minimum
2.1.2	People who leave education prematurely	4	0,60%	11%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Historical Maximum
2.1.3	Adult participation in continuing education	4	35,10%	0%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Technical minimum
Decent work and sustainable economic growth (SDG 8)					
2.2.1	Degree of employment	2	80,43%	57,4%	Upper boundary: The weighted average for the top 3 performing OECD countries, forecasted to 2030 Lower boundary: The weighted average for the lowest 3 performing OECD countries, forecasted to 2030
2.2.2	Proportion of employment in private companies related to the circular economy	4	8,13	0%	Upper boundary: Weighted average of the top 3 EU performing countries, forecasted to 2030 Lower boundary: Technical minimum
2.2.3	Annual GDP growth	2	5,08%	-4,60%	Upper boundary: The weighted average for the top 3 performing OECD countries, forecasted to 2030 Lower boundary: Historical minimum for the Nordic region in the period 2000-2017.
Sustainable industry, innovation, and infrastructure (SDG 9)					
2.3.1	Expenditure on research and development as a share of GDP	2	3,7% of BNP	0% of BNP	Upper boundary: Best performing OECD countries Lower boundary: Technical Minimum
2.3.2	Number of patent applications in environmental-related technology	4	5,43 per 100.000 inhabitants	0	Upper boundary: Weighted share of environmental patent applications per country GDP, from the top 3 performing OECD countries, multiplied by the sum of the Nordic countries GDP and then lastly scaled to patents pr. 100.000 inhabitants in the Nordic region Lower boundary: Technical minimum

2.3.3	Digital Economy and Society Index (DESI)	4	100	0	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Technical minimum
Sustainable cities and societies (SDG 11)					
2.4.1	Percentage of passenger transport in buses and trains of total passenger transport	4	28,80	0,00	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: Technical minimum
2.4.2	Exposure to air pollutants with particles in urban areas	2	6,3	87	Upper boundary: SDR-report Lower boundary: SDR-report
2.4.3	Average share of open publicly available spaces in the built environment	3	15m2/indb.	0 m2/indb	Upper boundary: Target defined by the WHO-case study report Lower boundary: Technical minimum
Free Mobility					
2.5.1	Intra-nordic immigration	4	Historical max.	0	Upper boundary: Historical maximum Lower boundary: Technical minimum
2.5.2	Import of goods from Nordic countries	4	Historical max.	0	Upper boundary: Historical maximum value Lower boundary: Technical minimum
2.5.3	Nordic region work-related commuting across nordic national borders	4	Historical max.	0	Upper boundary: Historical maximum value Lower boundary: Technical minimum

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Number	Indicator	Step	Upper boundary	Lower boundary	Method used to set the boundaries
Good health and well-being (SDG 3)					
3.1.1	Life expectancy at birth	2	83	54	Upper boundary: SDR-report Lower boundary: SDR-report
3.1.2	Self-rated health	4	100%	53%	Upper boundary: The weighted average performance for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030. Lower boundary: The weighted average for the worst 3 performing OECD countries, forecasted to 2030
3.1.3	Mortality before the age of 75, in diseases that can be prevented and cured	4	138	401	Upper boundary: Weighted average of national targets from Denmark and Sweden, forecasted to 2030 Lower boundary: Weighted average of the three lowest performing EU countries, forecasted to 2030
Gender equality (SDG 5)					
3.2.1	Gender-segregated labor market	4	13,16	20,22	Upper boundary: The weighted average for the top 3 performing EU countries, forecasted to 2030 Lower boundary: The weighted average for the lowest 3 performing EU countries, forecasted to 2030
3.2.2	Fathers' share of parental leave	4	50%	0%	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Technical minimum
3.2.3	Share of women in national parliament	4	50%	0%	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Technical minimum
Reduced inequalities (SDG 10)					
3.3.1	Gini coefficient	2	27,5	63	Upper boundary: SDR-report Lower boundary: SDR-report
3.3.2	Proportion of people living at risk of poverty and social exclusion	2/4	50% reduction	20,5%	Upper boundary: Technical Maximum Lower boundary: Technical Minimum
3.3.3	Difference in unemployment / inactivity between those born outside the EU and those born at home	4	0%	Historical max.	Upper boundary: Technical minimum Lower boundary: Historical maximum
Peaceful and inclusive societies (SDG 16)					

3.4.1	Social trust	4	10	0	Upper boundary: Historical Maximum Lower boundary: Weighted average of the three lowest performing EU countries, forecasted to 2030
3.4.2	Electoral turnout in national parliaments	4	100%	46%	Upper boundary: Weighted average of the 3 best performing OECD countries Lower boundary: Weighted average of the 3 poorest performing OECD countries
3.4.3	Share of population who report problems with crime, violence, or vandalism	4	0%	17%	Upper boundary: Technical optimum Lower boundary: Weighted average of the three lowest performing EU countries, forecasted to 2030
Strong culture					
3.5.1	Import of culture-related goods from Nordic countries	4	Historical max.	0	Upper boundary: Historical maximum Lower boundary: Technical minimum
3.5.2	Public expenditure on culture as share of GDP	4	5,07%	0%	Upper boundary: Historical maximum Lower boundary: Technical minimum
3.5.3	Household expenditure on culture	4	325	0	Upper boundary: Historical Maximum Lower boundary: Technical minimum

Um ritið

NORÐURLÖND – sjálfbært og samþætt svæði?

Grunnskýrsla vegna vinnunnar við Framtíðarsýn okkar 2030

PolitikNord 2021:726

ISBN 978-92-893-7061-5 (PDF)

978-92-893-7062-2 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2021-726>

© Norræna ráðherranefndin 2021

Ritið er skrifað af ráðgjafafyrirtækinu Rambøll Management Consulting með fjármögnun frá Norrænu ráðherranefndinni. Efni þess endurspeglar þó ekki endilega sjónarmið, viðhorf, álit eða tilmæli Norrænu ráðherranefndarinnar.

Útgefið 22.9.2021

Umbrot: Louise Jeppesen

Video: Common Ground

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur